



Samtök fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

**ÚTTEKT Á STÖÐU OG
FRAMTÍÐARHORFUM FRÆÐSLU-
OG SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVA Á
LANDSBYGGÐINNI**

OKTÓBER 2002

Formáli

Hér er að finna úttekt á starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni, sem mynda samtökin Kvasi. Úttekinni er ætlað að varpa ljósi á starf miðstöðvanna, ásamt því að horfa til framtíðar um uppbyggingu þeirra og stefnumótun.

Úttekt þessi er gerð að ósk Tómasar Inga Olrich menntamálaráðherra og styrkti menntamálaráðuneytið gerð hennar. Hún er unnin af stjórn Kvasis; Iðunni Antonsdóttur, Katrínu Dóru Þorsteinsdóttur og Smára Haraldssyni ásamt Emil Björnssyni, verkefnisstjóra Fræðslunets Austurlands. Jens Pétur Hjaltsted, sérfræðingur og Karl Kristjánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu komu að skipulagningu, yfirlestri og ráðgjöf.

Miðstöðvarnar eiga að baki stuttan starfstíma, voru stofnaðar á árunum 1998-2000. Tilurð margra voru farskólar, sem áður störfuðu á framhaldskólastigi, ásamt því að standa fyrir námskeiðahaldi tengdu tómsundum og atvinnulífi. Með lagasetningu árið 1996 voru farskólarnir að mestu aflagðir. Flestar miðstöðvarnar urðu til upp úr þeim en aðrar urðu til sem átaksverkefni byggðarlaganna. Þá þegar var ljóst að breyttar þjóðfélagsaðstæður, tækninýjungar og hraðar framfarir kröfðust einnig breytinga á menntunarmöguleikum fólks á landsbyggðinni. Óskir, væntingar og kröfur um fjölbreytta menntun, háskólamenntun heim í héruð, varð að vaxandi og sterkri undiröldu, sem ásamt og með sí- og endurmenntunarþörf atvinnulífs kölluðu á nýjar lausnir.

Starfsemi miðstöðvanna er ein slíkra lausna, sprottin af sameiginlegu frumkvæði heimaaðila og með stuðningi yfirstjórnar menntamála í landinu sem hafa meðal annars veitt miðstöðvunum styrki á fjárlögum. Hlutverk miðstöðvanna var tiltölulega ómótað í byrjun, þó um sameiginleg yfirmarkmið væri að ræða. Þróun þeirra endurspeglar megináherslur og þarfir á starfssvæði hvernar stöðvar, sýnir á hvern hátt leitast hefur verið við að takast á við upphafsverkefni, að skapa og mæta nýjum verkefnum sem stöðugt bætast við.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni eru komnar til að vera. Þær eru fjöregg sem nauðsynlegt er að hlú að með fjárveitingum og stefnumörkun til langs tíma. Það er von þeirra sem að úttektinni stóðu að hún nýtist sem “orð í belg” þeim sem til hreiðurgerðar fjöreggjanna veljast.

1. október 2002

F.h. stjórnar Kvasis,
samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni,

Iðunn Antonsdóttir, formaður.

Útdráttur

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar eru stofnanir í örum vexti, sem sífellt bjóðast ný og krefjandi viðfangsefni. Hlutverk þeirra er að sinna menntunarbörf fullorðinna á hverju svæði, grunnmenntun, einkum á framhalds-og háskólastigi sem og endur-og símenntun.

Miðstöðvunum hafa verið tryggðar fjárveitingar til rekstrar og greiðslu launa eins starfsmanns. Vaxandi þörf er á að bæta við starfsemina þannig að unnt sé að verða við auknum kröfum, svo sem að efla stuðning við fjarnema. Meginvandi stöðvanna felst í hamlandi aðstæðum, hvorki er tryggt fjármagn, né mannafl til að sinna vaxandi, fjölbreyttum verkefnum.

Því er nauðsynlegt að tryggja með fjárveitingum að hjá hverri miðstöð séu að lágmarki tvö stöðugildi.

Öflug þróun og uppbygging fjarnáms á **öllum** skólastigum eru lykilatriði út frá byggðasjónarmiðum. Þá eru hvatning, ráðgjöf og greiningarvinna stór þáttur í starfinu. Framundan eru verkefni við að auka fjölbreytni námsframboðs, byggja upp námsver og aðstöðu fjarnema, auk þess að stuðla að samvinnu ólíkra aðila um aðkomu að menntun og námi.

Það er brýnt byggðamál að aðstæður fjarnema séu góðar. Því þurfa miðstöðvarnar að geta komið á fót og rekið vel búin námsver, tvö til sjö á hverju svæði.

Sé litið til hins skamma starfstíma miðstöðvanna er hin hraða þróun þeirra afar athygliverð. Rúm 8% íbúa á landsbyggðinni sækja þegar námskeið á vegum þeirra og allt að 100% aukning aðsóknar í fjarnám á framhaldsskólastigi milli ára 2000 og 2001 og vöxtur fjarnáms á háskólastigi sýna ljóslega þörfina fyrir starfsemi miðstöðvanna. Einn liður í starfi miðstöðvanna er að nýta gagnaflutninga og nútímataekni til miðlunar náms. Hindranir á þessu sviði hafa verið vegna tæknilegra örðugleika, auk þess sem kostnaður er mikill.

Tryggja þarf öflugna gagnaflutninga um allt land á sama verði til allra. Miðstöðvarnar þurfa auknar fjárveitingar til að standa undir rekstri fjárfundabúnaðar vegna miðlunar náms óháð skólastigum.

Fjárhagsleg staða miðstöðvanna sýnir að námskeið standa að nokkru undir kostnaði, en engin rýmd skapast í rekstrinum til að mæta þörfum smárra markhópa, bæta aðstöðu og búnað, vinna við átaksverkefni og þróunarvinnu sem allt eru nauðsynleg framtíðarverkefni. Aukinni fjárþörf þarf að mæta með tryggum framlögum frá fjárveitingavaldi til lengri tíma.

Tryggja þarf framtíð fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna með rekstrarsamningi til langs tíma.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	6
2.	Byggðasjónarmið	8
3.	Verkefni miðstöðvanna	9
4.	Þróun miðstöðvanna	14
5.	Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar átta	17
6.	Fjármál	22
7.	Niðurstöður	25
8.	Heimildir	27
9.	Viðaukar	28

Töfluskrá

Tafla 1.1 Markmið í stofnskrám fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.....	7
Tafla 3.1 Hlutfall íbúa sem sóttu námskeið 2001-2002.....	9
Tafla 3.2 Fjöldi fjarnema á háskólastigi	11

Myndaskrá

Mynd 3.1 Tekjur af námskeiðum og þjónustu MSS 1998-2001	10
Mynd 3.2 Notkun fjarfundabúnaðar hjá fjarnemum á Vestfjörðum.....	12
Mynd 4.1 Menntunarstig fólks 16-74 ára á landinu öllu	14
Mynd 4.2. Mismunur á menntunarstigi innan og utan höfuðborgarsvæðisins	15
Mynd 5.1 Velta Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.....	17
Mynd 5.2 Velta Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	18
Mynd 5.3 Velta Farskóla Norðurlands vestra-miðstöðvar um símenntun	18
Mynd 5.4 Velta Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar	19
Mynd 5.5 Velta Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga	19
Mynd 5.6 Velta Fræðslunets Austurlands	20
Mynd 5.7 Velta Fræðslunets Suðurlands ses.....	20
Mynd 5.8 Velta Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.....	21
Mynd 6.1 Skipting rekstrartekna miðstöðvanna 2001	22
Mynd 6.2 Skipting á gjöldum miðstöðvanna 2001	23
Mynd 6.3 Hlutfall ferðakostnaðar af útgjöldum hvernar miðstöðvar	23

Viðaukaskrá

VIÐAUKI 1. UPPLÝSINGAR UM MIÐSTÖÐVARNAR	29
VIÐAUKI 2. SKIPULAGSSKRÁR MIÐSTÖÐVANNA.....	30
VIÐAUKI 3. ANNAÐ NÁM 2001-2002	51
VIÐAUKI 4. HÁSKÓLANÁM 2001-2002.....	52
VIÐAUKI 5. SAMSTARFSVERKEFNI 2001-2002	54
VIÐAUKI 6. REKSTUR FRÆÐSLU-OG SÍM. INNAN KVASIS 2001	56

1. Inngangur

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni eru átta talsins.

Þær eru:

1. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi - SV
2. Fræðslumiðstöð Vestfjarða - FRMST
3. Farskóli Norðurlands vestra- miðstöð um símenntun - FSNV
4. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar - SÍMEY
5. Fræðslumiðstöð Þingeyinga - FræÞing
6. Fræðslunet Austurlands - FNA
7. Fræðslunet Suðurlands - FnS
8. Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum – MSS

(Sjá nánari upplýsingar um miðstöðvarnar í viðauka 1).

Starfssvæði miðstöðvanna eru samkvæmt ríkjandi kjördæmaskipan, að undanskildum stöðvunum á Norðurlandi eystra þar sem eru tvær miðstöðvar starfandi og Fræðsluneti Suðurlands, sem tekur ekki til Vestmannaeyja.

Miðstöðvarnar eru sjálfseignastofnanir, stofnaðar á árunum 1998 til 2000. Stofnaðilar miðstöðvanna eru sveitarfélög, fræðsluaðilar, stéttarfélög, ýmis félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki. (Sjá skipulagsskrár miðstöðvanna í viðauka 2). Við hverja þeirra starfa 1-3 starfsmenn, sem sinna verkefnum samkvæmt skipulagsskrá, það er að veita ráðgjöf, upplýsingar og miðla menntun í samvinnu við félagasamtök, fræðsluaðila og atvinnulíf.

Miðstöðvarnar hafa með sér samtök, Kvasi, samtök fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Hlutverk Kvasis er að vera vettvangur stöðvanna um samstarf af ýmsum toga og er fulltrúi þeirra út á við, svo sem gagnvart stjórnvöldum. Kvasir kemur einnig að samningagerð fyrir hönd miðstöðvanna, til dæmis við Fjölís vegna höfundaréttar.

Samkvæmt skipulagsskrám fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna eru meginmarkmið þeirra allra að sinna sí- og endurmenntun fyrir einstaklinga og atvinnulíf, hver á sínu svæði. Allar eiga þær jafnframt að efla byggð og búsetu. Þá er efling náms á framhalds- og háskólastigi mikilvægur tilgangur með miðstöðvunum. Þeim er einnig ætlað að sinna ráðgjöf og samræma krafta þeirra er sinna menntun og fræðslu. Í einstaka tilvikum er ákvæði um samstarf við innlenda og erlenda aðila, styrkingu atvinnulífs í dreifbýli, eflingu samfélagsins og að standa vörð um og styrkja rannsóknir og vísindaiðkun á svæðinu. Þróun miðstöðvanna sýnir að hlutverk þeirra í dag er mun víðtækara en fram kemur í skipulagsskrám. Tafla 1.1 sýnir markmið miðstöðvanna eins og þau birtast þar og í ljós kemur að lítinn mun er að sjá á markmiðum og áherslum miðstöðvanna.

Tafla 1.1 Markmið í stofnskrám fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.

Markmið	Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Farskóli Norðurlands vestra	Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Fræðslumiðstöð Þingeyinga	Fræðslunet Austurlands	Fræðslunet Suðurlands	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Sí- og endurmenntun fyrir atvinnulíf og einstaklinga.	X	X	X	X	X	X	X	X
Hlutverk í byggðaðpróun og til eflingar síns svæðis, efla búsetu	X	X	X	X	X	X	X	X
Nám á framhalds- og háskólastigi, m.a. með fjarkennslu		X	X	X	X	X	X	
Samstarf atvinnulífs og skóla				X	X		X	X
Ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja				X		X		
Samræma krafta þeirra sem sinna símenntun				X			X	
Samstarf við innlenda og erlenda aðila				X		X		
Greining þarfa fyrir fræðslu og þjónustu á svæðinu			X					
Þarfir atvinnulífs í dreifbýli		X						
Standa að og styðja við rannsóknir og vísindaiðkun á svæðinu						X	X	

Ljóst er að svo yfirgripsmikil markmið sem hér er að finna kalla á fjármagn og samvinnu margra aðila.

Í þessari greinagerð verður:

- leitast við að draga fram stöðuna í dag út frá byggðasjónarmiðum
- fjölbreyttum verkefnum miðstöðvanna lýst
- fjallað um þá hröðu þróun sem hefur átt sér stað hjá miðstöðvunum og getið um helstu áherslur hvernar miðstöðvar fyrir sig
- farið yfir fjárhagslega stöðu þeirra og fjárþörf í framtíðinni miðað við fyrirliggjandi verkefni

Í niðurstöðum verða dregnir fram helstu styrkleikar og veikleikar og komið með tillögur að aðgerðum til úrbóta.

2. Byggðasjónarmið

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar voru stofnaðar sem svar við almennri menntunarpörf á landsbyggðinni. Störfum hefur farið fækkandi í hinum hefðbundnu atvinnugreinum, landbúnaði og sjávarútvegi, þannig að fólk hefur leitað til annarra starfa svo sem í verslun, viðskiptum og ferðaþjónustu. Þá hefur hvers kyns samskiptatækni gjörbreyst, samgöngur jafnt innanlands sem til útlanda hafa batnað og alþjóðavæðing náð til ystu nesja. Samhliða þessu hafa búferlaflutningar af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins verið miklir. Allar þessar breytingar kalla á aðlögun fólks að nýjum veruleika þannig að þörf fyrir hvers kyns menntun, grunnmenntun, endurmenntun og símenntun hefur stóraukist. Möguleikar til menntunar hafa víðast verið lakari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og hefur það enn aukið þrýsting á flutning fólks af landsbyggðinni. Þess vegna koma byggðasjónarmið mjög sterklega fram í stofnskrám allra miðstöðvanna. Er greinilegt að þeir sem stóðu að stofnun þeirra hafa talið að möguleiki fólks til að afla sér menntunar, meðal annars með fjarnámi, sé mikilvægur til að efla byggð.

Auknir möguleikar fólks til að afla sér menntunar eru nú almennt talin ein af mikilvægustu aðgerðum í byggðamálum. Þannig er í skýrslu Byggðastofnunar, *Byggðarlög í sókn og vörn*, talið að með háskólanámi í heimabyggð felist tækifæri til sóknar. Ennfremur að fjarnám sé leið til að styrkja skólastarf á öllum skólastigum á landsbyggðinni. Til þess að efla gæði fjarnáms þurfa gagnaflutningar að vera með tryggu og skjótum hætti. Á þetta hefur skort til þessa. Brýnt er að úr verði bætt hið fyrsta, einnig að verð slíkra gagnaflutninga sé hið sama um allt land.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005, sem lögð var fyrir 127. löggjafarþing 2001–2002 (Þskj. 843 — 538. mál) fjallar 18. liður tillaganna um eflingu símenntunarmiðstöðvanna á Ísafirði og Egilsstöðum. Þar er lagt til að stofnað verði til skipulegs samstarfs við háskólastofnanir undir forsjá miðstöðvanna og á grundvelli óska þeirra. Markmið tillögunnar er að bæta möguleika fólks á þessum landssvæðum til að afla sér háskólamenntunar og skapa um leið forsendur fyrir fjölbreytilegra atvinnulífi og sérhæfðari störfum.

Í byggðaáætlun Vestfirðinga (2002) er mikilvægi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða undirstrikað og hvatt til að hún verði efl.

Menntamál koma sífellt oftar fyrir í ályktunum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þar er víða minnt á mikilvægi miðstöðvanna og hvatt til að fjármagn til þeirra verði tryggt þannig að þær geti sinnt hlutverki sínu sem best. Slíkar samþykktir hafa meðal annars komið frá aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum í október 2001, frá aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi í nóvember 2001 og í ágúst 2002, frá Sambandi sveitafélaga á Austurlandi 2002, frá Sambandi sveitafélaga á Norðurlandi vestra í ágúst 2002 og frá Fjórðungsþingi Vestfirðinga í ágúst 2002. Þá beindi aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) frá ágúst 2002 því til stjórnar SASS að hún skipi samstarfsnefnd sem marki stefnu um frekari uppbyggingu háskólanáms á Suðurlandi í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands.

Af ofangreindu má sjá að innan stjórnsýslunnar eru menntamál talin mikilvæg fyrir búsetuþróun og miklar væntingar gerðar til miðstöðvanna í þeim málum. Fullyrða má að þessar væntingar endurspeglu hug fólksins um land allt.

3. Verkefni miðstöðvanna

Verkefni fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna eru einkum námskeiðahald til sí- og endurmenntunar, þjónusta við háskóla og háskólanema, þjónusta við aðra fjarnema, upplýsingagjöf, samstarfsverkefni og önnur verkefni, þar á meðal Markviss. Verður nú gerð grein fyrir nokkrum af þessum megin verkefnum.

3.1 Námskeiðahald skólaárið 2001-2002


Yfirlit yfir fjölda námskeiða og fjölda þátttakenda er að sjá í töflu 3.1. á næstu síðu. Fjöldi námskeiða í boði voru allt frá 43 upp í 110. Að meðaltali sóttu rúm 8% íbúa á landsbyggðinni endur- og símenntunarnámskeið veturinn 2001-2002. Hlutfallslega sóttu flestir námskeið á Suðurnesjum eða 10,8% en færstir í Eyjafirði eða 3,5%. Hér ber þó að taka fram að hluti námskeiða á vegum fræðsluaðila eru ekki í tengslum við miðstöðina þar og gefur því taflan ekki rétta mynd af námskeiðssókn Eyfirðinga. Í yfirlitinu er miðað við samanlagðan fjölda þátttakenda þannig að sami einstaklingur getur hafa sótt fleiri en eitt námskeið.

Tafla 3.1 Hlutfall íbúa sem sóttu námskeið 2001-2002.

Svæði	Íbúafjöldi 1. des. 2001	Fjöldi námskeiða 2001-2002	Fjöldi þátttakenda á námskeiðum 2001-2002	Hlutfall íbúa sem sækja námskeið
Vesturland	14.449	93	1156	8,00%
Vestfirðir	8.012	62	752	9,39%
Norðurland vestra	9.308	43	616	6,62%
Eyjafjörður	21.293	62	739	3,47%
Þingeyjarsýslur	5.337	68	529	9,91%
Austurland	11.795	110	1035	8,77%
Suðurland	16.869	65	1244	7,37%
Suðurnes	16.725	79	1810	10,82%
Samtals	103.788	582	7881	
Meðaltal				8,04%

Framboð og þátttaka í námskeiðum hefur aukist á starfstíma miðstöðvanna. Þátttaka í námskeiðum í umdæmi Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi fjölgaði til dæmis um 80% á milli árunna 2001 og 2002 og tekjur miðstöðvarinnar af námskeiðum og þjónustu nálægt þrefölduðust frá 1998 til 2001.

Mynd 3.1 Tekjur af námskeiðum og þjónustu MSS 1998-2001



Aðkoma miðstöðvanna að námskeiðum er með misjöfnum hætti. Í sumum tilvikum sjá miðstöðvarnar alfarið um námskeiðið en í öðrum tilvikum sjá þær aðeins um auglýsingu og skráningu en hafa ekki frekari afskipti af námskeiðinu. Rekstur á slíkum námskeiðum er þá ekki skráður á viðkomandi miðstöð heldur þann aðila sem heldur námskeiðin.

Námskeiðahald miðstöðvanna og þjónusta þeirra í kringum hvert námskeið getur verið mjög mismunandi, allt frá stuttum fjögurra kennslustunda námskeiðum upp í nokkur hundruð kennslustunda nám. Ýmsir samstarfsaðilar koma gjarnan að námskeiðunum, bæði innan héraðs og utan. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna aðra fræðsluaðila, stéttarfélög, fyrirtæki og ýmsar stofnanir.

3.2 Nám á framhaldsskólastigi skólaárið 2001-2002

Nemum á framhaldsskólastigi hefur fjölgað mikið síðustu árin.

Í fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneytinu (30. okt. 2001) kemur til dæmis fram að nemendum í fjarnámi á framhaldsskólastigi hafi fjölgað um 100% á milli áhranna 2000 og 2001 eða úr 514 nemendum í 1051 á landsvísu.

Þarfir þessara nemenda eru svipaðs eðlis og þeirra sem stunda nám á háskólastigi, það er aðstoð í stærðfræði og tungumálum, auk ráðgjafar og stuðnings. Æskilegt væri að við allar miðstöðvarnar væri námsaðstaða, sem nýst gæti öllum fjarnemum, óháð skólastigi.

Verkmenntaskólinn á Akureyri er brautryðjandi á sviði fjarnáms á framhaldsskólastigi. Aðrir framhaldsskólur sækja nú fram á þessu sviði, svo sem Fjölbrautarskólinn í Ármúla og Iðnskólinn í Reykjavík. Telja má víst að þar gæti áhrifa miðstöðvanna beint og óbeint vegna fyrirspruna þeirra, óska og hvatningar um aukið framboð náms til handa sínum umbjóðendum. (Sjá nánar um annað nám í viðauka 3).

3.3 Háskólanám skólaárið 2001-2002

Í fréttatilkyningu frá menntamálaráðuneytinu (30. okt. 2001) kemur fram að nemendum í fjarnámi á háskólastigi hafi fjölgað um 17% á milli 2000 og 2001, eða úr 944 nemendum í 1051 á landsvísu. Þetta er í samræmi við þá aukningu sem hefur verið á þjónustu við nemendur á háskólastigi hjá öllum miðstöðvunum.

Í viðauka 4 er að finna yfirlit yfir fjarnám á háskólastigi í umdæmum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna. Miðstöðvarnar eru í samstarfi við 6 íslenska skóla sem bjóða fjarnám á háskólastigi. Skólarnir eru: Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Hólaskóli, Kennaraháskóli Íslands og Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Í töflu 3.2 kemur fram að á svæðunum er boðið upp á tvær til þrettán mismunandi námsleiðir. Fjöldi nemenda er mjög mismunandi eða allt frá 6 upp í 130. Þar sem krafist er lágmarks þátttöku í námshópum skapast ákveðið vandamál fyrir miðstöðvarnar, þar sem fámenn byggðarlög geta ekki boðið þær fjarnámsleiðir sem íbúar óska eftir.


Tafla 3.2 Fjöldi fjarnema á háskólastigi

Svæði	Íbúafjöldi 1. des. 2001	Fjöldi fjarnema á háskólastigi 2001-2002	Hlutfall íbúa sem stunda fjarnám á háskólastigi
Vesturland	14.449	6	0,04%
Vestfirðir	8.012	113	1,41%
Norðurland vestra	9.308	30	0,32%
Eyjafjörður ¹	21.293	21	0,10%
Þingeyjarsýslur	5.337	13	0,24%
Austurland	11.795	130	1,10%
Suðurland	16.869	40	0,24%
Suðurnes	16.725	65	0,39%
Samtals	103.788	418	
Meðaltal			0,48%

Kennaraháskóli Íslands hafði frumkvæði að fjarnámi á háskólastigi hér á landi. Fjarnámið var í fyrstu aðeins fyrir grunnskólakennaranema, enda hugsað fyrst og fremst til að auðvelda réttindalausum kennurum í grunnskólum á landsbyggðinni að ná sér í réttindi. Síðar fjölgaði skólinn námsleiðum í fjarnámi og býður nú allt nám sitt bæði í staðnámi og fjarnámi. Veruleg þáttaskil urðu á fjarnámi á háskólastigi þegar Háskólinn á Akureyri hóf kennslu í hjúkrunarfræði um fjarfundabúnað til Ísafjarðar haustið 1998. Síðan þá hefur fjarnemum á háskólastigi fjölgað mikið. Sem dæmi um það ná nefna fjarnema á Vestfjörðum, sem nota fjarfundabúnað að miklu eða öllu leyti í námi sínu (mynd 3.2).

Vegna takmarkaðra möguleika á að veita þjónustu er líklegt að fjarnámsnemar á svæðinu séu mun fleiri.

Mynd 3.2 Notkun fjarfundabúnaðar hjá fjarnemum á Vestfjörðum



Skólaárið 2001-2002 var hæst hlutfall fjarnema á Vestfjörðum, en 1,4% íbúa svæðisins stunduðu þá fjarnám á háskólastigi (tafla 3.2).

Misjafnt er hve mikla þjónustu miðstöðvarnar geta veitt fjarnemum. Sumir fjarnemar hafa aðeins samband við sinn skóla og sækja ekki þjónustu til miðstöðvanna. Þetta er til dæmis algengt á Eyjafjarðarsvæðinu. Aðrir nýta sér aðstoð, ráðgjöf, nýta sér lesaðstöðu, taka próf á miðstöðvunum eða sækja allar kennslustundir til miðstöðvanna, þar sem sú aðstaða er í boði.

Einstaka miðstöðvar hafa boðið fjarnemum upp á þjónustu og námskeið af ýmsum toga. Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunet Austurlands og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hafa kostað námskeið í stærðfræði fyrir nemendur í rekstrarfræði, og Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur gegnist fyrir námskeiðum í námstækni.

Aðstaða sem miðstöðvarnar bjóða fjarnemum er mismunandi að gæðum. Sumar miðstöðvar hafa komið upp mjög góðri aðstöðu en á öðrum svæðum er námsaðstaða fjarnema algerlega ófullnægjandi.

Brýnt er að auka aðstoð við fjarnema, bæði námsráðgjöf og aðstoð í stökum greinum. Það, ásamt því að reynslan sýnir að hópstarf er mjög mikilvægt í fjarnámi og að fjarnemi finni sig sem hluta af hóp þar sem hver hvetur annan, hefur leitt til þess að víðast hvar er nú reynt að skapa fjarnemum aðstöðu, þar sem þeir geta komið saman til hópvinnu og lestrar.

3.4 Samstarfsverkefni á vegum miðstöðvanna skólaárið 2001-2002

Sameiginlegur samstarfsvettvangur allra stöðvanna er, eins og komið hefur fram, Kvasir. Kvasir er aðili að EAEA, Evrópusamtökum um fullorðinsfræðslu. Önnur dæmi um sameiginleg verkefni eru til dæmis starfsþróunaraðferðin Markviss, Vika símenntunar og kynning á miðstöðvunum til opinberra aðila.

Um önnur tímabundin verkefni getur verið að ræða án þess að formleg samvinna sé til staðar. Sem dæmi um þetta eru samningar miðstöðvanna, hverrar fyrir sig, við Nýja Tölvu- og Viðskiptaskólann um framboð á tölvunámi á vegum BSRB.

Viðamikil verkefni sem sérstaklega skal nefnt er “Nýbúafræðsla”. Þetta er eitt af óformlegum samstarfsverkefnum miðstöðvanna sem hefur skipað stóran sess í starfsemi miðstöðvanna þó aðkoma sé mismunandi, enda koma margir samstarfsaðilar þar að, svo sem Fjölmennning, sem er leiðandi fyrirtæki á þessu sviði.

Síðast en ekki síst skal nefnt margvíslegt samstarf við MENNT-samstarfsvettvang atvinnulífs og skóla.

Sem dæmi þar um eru:

- Vika símenntunar
- Gagnagrunnur um framboð menntunar á Íslandi – mennt.is
- Innleiðing á Markviss starfsþróunaraðferðinni á Íslandi.

Nánari upptalningu á samstarfsverkefnum miðstöðvanna er að finna í viðauka 5.

3.4.1 Starfsþróunaraðferðin MARKVISS

Fræðslu- og símenntunarstöðvarnar ásamt Mennt-samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla hafa unnið saman að innleiðingu á aðferðafræði til að greina þarfir skipulagsheilda í starfsþróunarmálum. Aðferðafræðin heitir Markviss og stendur fyrir Markviss Uppbygging Starfsmanna, en nýlega hefur verið opnuð heimasíða sem hefur að geyma ýmsan fróðleik um efnið, slóðin er www.markviss.com. Hún er upprunnin frá dönskum iðnfyrirtækjum og launþegasamtökum þeirra og er þýdd og staðfærð með leyfi frá þeim. Kvasir yfirtók skuldbindingar MENNTar árið 2002 og er nú ábyrgðaraðili verkefnisins á Íslandi. Sameiginleg fjárfesting í þróun þessarar aðferðar er ríflega 4 milljónir, auk fjárfestingar hvernar miðstöðvar fyrir sig í þjálfun ráðgjafa þar sem samanlagður útlagður kostnaður þeirra er yfir 4,5 milljónir króna. Fyrstu 11 ráðgjafarnir á vegum stöðvanna voru þjálfaðir af Markviss ráðgjafa dönsku iðnaðarsamtakanna. Nú í haust hófst þjálfun fjögurra ráðgjafa til viðbótar sem hljóta þjálfun hjá íslenskum ráðgjöfum.

Markmið miðstöðvanna með því að taka upp Markviss aðferðina er að þjóna betur atvinnulífinu. Með greiningu á þörfum er verið að tryggja að fjárfestingar bæði einstaklinga, fyrirtækja og starfsmenntunarsjóða skili hraðari og betri árangri. Nú hafa 29 fyrirtæki eða stofnanir nýtt sér aðferðafræðina og eru þá meðtalin tilraunaverkefni ráðgjafa.

3.5 Önnur verkefni miðstöðvanna skólaárið 2001-2002

Eins og komið hefur fram eru verkefni miðstöðvanna fjölbætt og frá upphafi hafa þær sett sér þá vinnureglu að geta brugðist hratt við. Sem dæmi um þjónustu sem miðstöðvarnar veita og er nauðsynlegt að nefna er:

- Sérniðin námskeið fyrir atvinnulífið
- Þjónusta við háskóla- og framhaldsskólanema
- Fjarfunda- og fjarkennsluþjónusta fyrir atvinnulífið
- Upplýsingagjöf á heimasíðum miðstöðvanna

Sem dæmi um ráðgjöf á vegum miðstöðvanna má nefna:


- Einstaklingsráðgjöf um námsleiðir
- Formlegri starfs- og námsráðgjöf er sinnt í samvinnu við til þess menntaða verkataka, skóla eða svæðisvinnumiðlanir á svæðunum en það hefur verið áhersluatriði miðstöðvanna að bæta aðgengi sinna íbúa að þessari þjónustu á hverju svæði.

4. Þróun miðstöðvanna

Frá því fyrstu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni voru stofnaðar árið 1998 hefur orðið veruleg þróun í starfi þeirra. Í fyrstu lögðu miðstöðvarnar áherslu á námskeiðahald og endurmenntum af ýmsum toga, en fljótlega hófu nokkrar miðstöðvar að miðla fjarnámi á háskólastigi. Nú er svo komið að miðstöðvarnar miðla og annast umsvifamikið námskeiðahald, endurmenntun og ráðgjöf.

Upplýsingar um menntunarstig fólks í landinu eru mikilvægar til að hægt sé að greina þær breytingar sem eiga sér stað og setja raunhæf markmið í því sambandi. Á mynd 4.1. er yfirlit yfir menntunarstig á landinu öllu flokkað eftir fimm skólastigum.²

Mynd 4.1 Menntunarstig fólks 16-74 ára á landinu öllu




Menntunarstig fólks á landsbyggðinni er mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu eins og kemur fram á mynd 4.2.³ 27,7% fólks utan höfuðborgarsvæðisins er aðeins með grunnmenntun á móti 16,5% innan þess. Hins vegar eru aðeins 18,6% fólks utan höfuðborgarsvæðisins með háskólamenntun en 22,9% fólks innan þess.

² Sbr. Óbirt samantekt Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri, 2002.

³ Sbr. Óbirt samantekt Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri, 2002.

Mynd 4.2. Mismunur á menntunarstigi innan og utan höfuðborgarsvæðisins



Ekki liggja fyrir tölur um mismun á menntunarstigi milli landssvæða. Til þess að starf miðstöðvanna verði sem markvissast í uppbyggingu námsframboðs við hæfi þarf að gera könnun á þessu sviði. Þannig mætti enn bæta nýtingu á fjármagni og verkefnavali miðstöðvanna.

Námsframboð miðstöðvanna hefur þegar sannað sig sem undanfari náms á framhalds- og háskólastigi. Sú námsvakning sem þær hafa átt þátt í að skapa hefur reynst mörgum nemendum nauðsynleg tenging við áframhaldandi nám. Þar kemur að notum hlutleysi þeirra og sveigjanleiki við að nálgast nemendur á annan hátt en formlegum skólastofnunum er unnt að gera. Þessi þáttur í starfi miðstöðvanna er mikilvægur sem liður í því verkefni að hækka menntunarstig á landsvísu.

Eins og komið hefur fram er gífurleg aukning á þátttöku í fjárnámi á vegum framhaldsskólanna. Mikil þróun hefur átt sér stað í sérskólanámi, í samvinnu við framhaldsskólana, fag-, stétta-, og sveitarfélög og atvinnulífið. Þessi frumkvöðlaverkefni skipa stóran sess í starfsemi miðstöðvanna og má þar nefna menntasmiðjurnar og námsframboð til ófaglærðra verkamanna (fjölverkjanám, matráðar o.fl.)

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eru þjónustuaðilar háskólanna út um landið. Fjöldi skóla sem bjóða fjárnám á háskólastigi hefur aukist mjög á þeim tíma sem miðstöðvarnar hafa starfað og hefur fjöldi fjarnema aukist að sama skapi. Árið 1998 var Kennaraháskóli Íslands einn um að bjóða fjárnám en nú bjóða sex af níu skólum sem bjóða nám á háskólastigi upp á slíkt.

Þá hafa fimm miðstöðvanna þegar komið á fót einu eða fleiri námsverum/námsaðstöðu fyrir fjarnema í háskólanámi; Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunet Austurlands, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð um símenntun. Brýnt er að uppbyggingu slíkra námsvera verði hraðað, þannig að um gott aðgengi sé að ræða fyrir nemendur um allt land. Eðlilegt má telja að búnaður slíks námsvers sé nútíma

kennslustofa búin tölvum, fjarfundabúnaði, skjávarpa og húsgögnum við hæfi fullorðinna sem skapi sér námsaðstöðu óháð tíma, það er aðgangi allan sólahringinn. Þar þyrfti einnig að vera eldhúskrókur og lesrými.

Fjarnámið krefst sífellt aukins tíma hjá starfsfólki miðstöðvanna við rekstur húsnæðis, umsjú með kennslu, prófahaldi, margskonar ráðgjöf og hvatningu til einstaklinga.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar sinna umtalsverðri þjónustu við fyrirtæki og stofnanir með starfsþróunaraðferðinni Markviss, auk upplýsingamiðlunar og ráðgjafar.

Miðstöðvarnar hafa hver fyrir sig þróað sín sérsvið, sem taka mið af aðstæðum í víðum skilningi. Þar er átt við fólksfjölda, samsetningu dreifbýlis og þéttbýlis, skóla á svæðinu, atvinnuhætti og fleira.

Hver miðstöð hefur skrifstofu í byggðakjörnum á starfssvæðunum, að undanskildum Þingeyjarsýslum, þar sem aðalskrifstofa er á Kópaskeri. Víða hafa miðstöðvarnar starfsstöðvar í samvinnu við aðrar stofnanir, enda starfsvæðin stór og oftar en ekki dreifbýl. Að markmiðum sínum vinna miðstöðvarnar í samstarfi við menntastofnanir, samtök atvinnulífs og launþega.

Þótt hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna séu lík eru aðstæður á landsbyggðinni mismunandi. Á Vesturlandi er einn skóli á framhaldsskólastigi, einn á háskólastigi og einn bæði á framhalds- og háskólastigi. Á Vestfjörðum er einn skóli á framhaldsskólastigi. Á Norðurlandi vestra er einn skóli á framhaldsskólastigi og einn bæði á framhalds- og háskólastigi. Í Eyjafirði eru tveir skólar á framhaldsskólastigi og einn skóli á háskólastigi. Í Þingeyjarsýslum eru tveir skólar á framhaldsskólastigi, báðir staðsettir í Suður Þingeyjarsýslu. Á Austfjörðum eru þrír skólar á framhaldsskólastigi. Á Suðurlandi eru tveir skólar á framhaldsskólastigi og útibú frá einum skóla á háskólastigi. Á Suðurnesjum er einn skóli á framhaldsskólastigi.


Þá eru starfsvæðin ólík hvað varðar mannfjölda, stærð landsvæða, þéttleika byggðar og gæði gagnaflutninga og samgangna. Þar sem markmið hvernar miðstöðvar er að þjóna sínu svæði sem best er augljóst að ákveðinn áherslumunur hlýtur að vera á starfsemi þeirra. Einnig er búnaður og tækjæign miðstöðvanna með misjöfnum hætti, allt frá því að eiga eina tölvu til þess að nokkrar miðstöðvanna eiga þegar tölvuver, staðbundin eða færanleg, aðrar eiga og reka fjarfundabúnaði einar eða í samstarfi við aðra.

5. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar átta

Séu meginviðfangsefni hverrar miðstöðvar skoðuð verða mismunandi áherslur ljósar:

5.1 Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi hefur skrifstofur sínar í Borgarnesi og á Akranesi. Hjá stöðinni starfa tveir starfsmenn í 1 ½ stöðugildi. Símenntunarmiðstöðin hefur einkum staðið fyrir lengri og styttri námskeiðum á níu kennslustöðum á svæðinu. Miðstöðin er að hefja gerð námsefnis um eflingu samskipta fatlaðra og ófatlaðra á vinnumarkaði, hefur starfrækt menntasmiðju á Akranesi og vinnur nú að annarri slíkri í Dölunum, er að hefja þátttöku í Evrópuverkefni um nýtt tækifæri til náms fyrir konur, auk þess sem námshópur í leikskólakennarafræðum hóf nám nú í haust.


Mynd 5.1 Velta Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi



Velta Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi jókst um 24% milli árána 2000 og 2001, upphæðin nam rúmlega 5 milljónum króna.

5.2 Fræðslumiðstöð Vestfjarða sinnir endurmenntun kennara á starfsvæðinu, hefur á sínum snærum námsaðstöðu fyrir háskólanema, bæði á Ísafirði og Patreksfirði, sem stunda nám meðal annars í íslensku, rekstrar- og leikskólafræðum. Þá sinnir miðstöðin námskeiðahaldi fyrir atvinnulíf og einstaklinga auk ráðgjafabjónustu samkvæmt Markviss-aðferðinni. Hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða starfa tveir starfsmenn í einu og hálfu stöðugildi.


Mynd 5.2 Velta Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða



Hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða jókst veltan um tæp 35% milli árunna 2000 og 2001, rúmlega sex milljónir í krónum talið.

5.3 Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð um símenntun hefur höfuðstöðvar á Sauðárkróki, á fjarkennslubúnað, fartölvuver og er nú að koma á fót námsverum fyrir háskólanema, meðal annars á Sauðárkróki, á Blönduósi og Siglufirði, í samvinnu við heimamenn á hverjum stað. Meðal annarra verkefna má nefna þróunarverkefnið Sarpinn, samantekt og samningu námsefnis og gerð kennsluáætlunar fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og starfsmenntaverkefnið LearnCom. á Hofsósi með víðtækri þátttöku heimamanna, sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Tveir MARKVISS ráðgjafar eru í þjálfun á vegum FSNV.


Mynd 5.3 Velta Farskóla Norðurlands vestra-miðstöðvar um símenntun



Hjá Farskóla Norðurlands vestra jókst veltan um rúm 75%, eða um ríflega 8,5 milljónir milli árunna 2000 og 2001.

5.4 Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hefur einkum lagt áherslu á þjónustu við fræðsluaðila í formi kynninga á námskeiðum og ráðgjöf til atvinnulífsins. Starfsþróunaraðferðin Markviss hefur verið nýtt sem upphafsvinna að fræðsluáætlunum stofnana og fyrirtækja á svæðinu með þeim árangri að stigvaxandi fjöldi þeirra nýtir nú þjónustu miðstöðvarinnar, svo sem skóli Útgerðarfélags Akureyringa. Mikið hefur verið lagt upp úr að efla samvinnu milli fyrirtækja, stéttarféлага og fræðsluaðila. Við miðstöðina starfa tveir starfsmenn í tveimur stöðugildum.


Mynd 5.4 Velta Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar



Á myndinni sést sú aukning á heildarveltu sem verið hefur á starfsemi SÍMEY milli áráanna 2000-2001. Hlutfallsleg aukning milli áráanna 2000 og 2001 var hvergi meiri, en hún nemur rúmum 93%. Í krónum talið er aukningin tæpar 6,6 milljónir króna.

5.5 Fræðslumiðstöð Þingeyinga hefur skrifstofu á Kópaskeri, en sinnir verkefnum annars staðar á dreifbýlu svæði í samstarfi við ýmsa aðila. Megináherslur hafa beinst að því að efla grunnmenntun, bæta möguleika til náms með kaupum á fjarfundabúnaði, auk þess að standa fyrir fjölbreyttu námskeiðahaldi, oft þvert á skilgreind skólastig. Mikilvægur þáttur í starfi miðstöðvarinnar er ráðgjöf, einkum til einstaklinga, en einnig með Markviss. Einn starfsmaður vinnur við miðstöðina.

Mynd 5.5 Velta Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga




Velta milli áráanna 2000 og 2001 jókst hlutfallslega um 57,5%, eða um 4,4 milljónir í krónum talið.

5.6 Fræðslunet Austurlands hefur unnið öflugt starf á sviði þess að færa háskólamenntun heim í hérað, sem og þess að vinna með einstaklingum og fyrirtækjum að “öðru tækifæri til náms”. Þá er Fræðslunetið í síauknum mæli að

koma að ráðgjöf til fyrirtækja auk samvinnuverkefna og námskeiðahalds. Starfsmenn Fræðslunets Austurlands eru nú þrír, í tveimur og hálfu stöðugildi.


Mynd 5.6 Velta Fræðslunets Austurlands



Á þessari mynd sést veltuaukning Fræðslunets Austurlands milli áráanna 2000 og 2001. Þetta samsvarar aukningu upp á tæp 80%, í krónum talið um 9,5 milljónir.

5.7 Fræðslunet Suðurlands hefur höfuðstöðvar á Selfossi. Áherslur þess hafa ekki síst miðað að uppbyggingu háskólanáms á svæðinu, auk ráðstefnuhalds og námskeiða, til að mynda á landsvísu. Í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands er á þess vegum einnig boðin Markviss – ráðgjöf. Einn starfsmaður er við Fræðslunet Suðurlands.


Mynd 5.7 Velta Fræðslunets Suðurlands ses



Aukningin nam 43% milli áráanna 2000 og 2001, í krónum talið tæpum 6,7 milljónum.

5.8 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum stendur nú fyrir fjölbreyttu háskólanámi í velbúnu námssetri í Reykjanesbæ. Ásamt skrifstofu miðstöðvarinnar er þar einnig til húsa verkefnisstjóri Markviss- verkefnisins, sem annast miðlæga umsýslu þess. Umfangsmikið starf á sviði ráðgjafar fer fram á vegum miðstöðvarinnar, sem og námskeið, einkum í samstarfi við atvinnulíf. Þá hefur miðstöðin unnið að erlendum samstarfsverkefnum. Starfsmenn miðstöðvarinnar eru þrír í þrem stöðugildum.

Mynd 5.8 Velta Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum



Veltan jókst um tæp 7%, í krónum talið var aukningin tæp 1,7 milljón. Hjá þessari miðstöð var aukningin minnst, en velta hennar er jafnframt mest.

5.9 Staðan í dag

Fullyrða má að hver miðstöð gegni veigamiklu hlutverki í sínu umhverfi vegna þess að hún er:

- Nýtt afl eða nýr kostur til handa þeim sem af einhverjum ástæðum sóttu ekki nám áður
- Svar við endur-og símenntunarpörf fólks sem vill auka eigin lífsgæði án þess að breyta búsetu
- Skólum á framhalds- og háskólastigum tækifæri til nýrra sókna og þjónustu með því að vera þeim og nemendum þeirra nauðsynlegt bakland
- Styrkur fyrir atvinnulíf og búsetu
- Stökkpallur til frekara náms

Það er nauðsynlegt að íhuga hvort aðrir aðilar gætu sinnt hlutverki miðstöðvanna og spyrja sig spurninga eins og;

Gætu einkareknar símenntunarmiðstöðvar gegnt hlutverki þeirra?

- Svárið er nei, vegna þess að:

Reynsla miðstöðvanna er að ekki er grundvöllur fyrir slíkum rekstri sökum fámennis og kostnaðar við slíka þjónustu í dreifbýli. Hins vegar styrkir rekstur miðstöðvanna þátttöku einkarekinna fræðslufyrirtækja með því að skapa þeim verkefni í gegnum verktakasamninga.

Gætu aðrir fræðsluaðilar gegnt hlutverki miðstöðvanna?

- Svárið er nei, vegna þess að:

Hlutleysi miðstöðvanna er eitt af lykilatriðum til að ná öfluggu samstarfi við marga aðila sem hafa mismunandi hagsmuna að gæta.

6. Fjármál


Til að fá heildarsýn yfir rekstur fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis var gerður samanburður á ársreikningum miðstöðvanna fyrir árið 2001 (sjá viðauka 6).

Þar kemur fram að samanlagðar rekstrartekjur þeirra á árinu 2001 námu 160,7 milljónum króna og heildargjöld 156,9 milljónum króna.

Það er því samtals 3,7 milljón króna jákvæður munur á tekjum og gjöldum miðstöðvanna. Ástæður þess eru því miður ekki vegna gróða þeirra heldur til dæmis vegna styrkja til tækjakaupa eða til ákveðinna verkefna sem ekki hafa komið til framkvæmda á umræddu bókhaldsári eða að verið er að borga upp taprekstur frá fyrra ári/árum. Nánari skýringar á þessu eru í viðauka 6.

Rekstrartekjur miðstöðvanna eru frá 12,1 milljón króna upp í 26,5 milljónir króna og gjöld á bilinu 11,1 – 26,3 milljónir króna á árinu 2001. Breytileikinn felst meðal annars í íbúafjölda á starfsvæði stöðvanna, fjarlægð á milli staða og verkefnavali. Skipting rekstrartekna sem hlutfall af heildartekjum má sjá á mynd 6.1.

Mynd 6.1 Skipting rekstrartekna miðstöðvanna 2001




Rekstrartekjur miðstöðvanna af fjárlögum eru samtals 56 milljónir króna.

Rekstrarframlög og aðrir styrkir nema samtals 11,3 milljón króna.

Tekjur vegna sérverkefna samtals 21 milljón króna. Tekjur af námskeiðum eru 70 milljónir króna. Aðrar tekjur eru 2,3 milljónir króna.

Skiptingu gjalda sem hlutfall af heildargjöldum má sjá á mynd 6.2.

Mynd 6.2 Skipting á gjöldum miðstöðvanna 2001




Gjaldaliðirnir eru launakostnaður og kostnaður vegna námskeiða. Launakostnaður var samtals 46,7 milljónir króna á árinu eða 30% af rekstrarkostnaði miðstöðvanna. Kostnaður vegna námskeiðahalds er samtals 60 milljónir króna og er mjög breytilegur milli miðstöðva.

Kostnaður vegna rekstrar fjarfundabúnaðar er umtalsverður og nam hann á árinu 2001 alls rúmum 8 milljónum króna og helst hann nokkuð í hendur við fjölda fjarnema á háskólastigi á starfsvæði miðstöðvanna. Hér ber að taka fram að kostnaður vegna rekstrar fjarfundabúnaðar er oft inni í samningum við samstarfsaðila um umsjón og húsnæði. Þessi kostnaður kemur fram sem kostnaður vegna námskeiðahalds. Ferðakostnaður eru um 4% af útgjöldum. Hann er mestur á dreifbýlli svæðum, svo sem Austurlandi og Vestfjörðum en minnstur á Vesturlandi og Suðurnesjum. Þennan mismun má glöggt sjá á mynd 6.3 á næstu síðu.

Til annars rekstrarkostnaðar teljast atriði eins og uppsetning, rekstur og viðhald á tölvubúnaði, bókhald, símakostnaður, ljósritunarkostnaður og ritfangakostnaður, svo fátt eitt sé nefnt. Þessi gjaldaliður er nokkuð stór, en felur í sér margt smátt.

Mynd 6.3 Hlutfall ferðakostnaðar af útgjöldum hvernar miðstöðvar



Kostnaður vegna skrifstofuhúsnæðis⁴ var samtals tæpar 6,3 milljónir króna, eða 4% af rekstrarkostnaði miðstöðvanna.

Gjöldum miðstöðvanna má skipta í fastan og breytilegan kostnað. Fastur kostnaður, sem er í þessu tilfalli launakostnaður og rekstur húsnæðis, er samtals 34%. Breytilegi kostnaðurrinn er þá námskeiðahald, kostnaður vegna fjarfunda, ferðakostnaður og annar tilfallandi kostnaður sem er samtals 66%.

Við rekstur fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna hefur þess verið gætt að tekjur nægðu fyrir gjöldum. Aukin umsvif miðstöðvanna kalla á auknar tekjur. Rekstur aðstöðu fyrir fjarnema hefur kostnað í för með sér auk þess sem aukin þjónusta kallar á fleiri starfsmenn. Tekjur af námskeiðahaldi eða annarri þjónustu gera ekki betur en að standa undir sér á fámennari svæðunum. Þá þurfa miðstöðvarnar að endurnýja og auka búnað sinn auk þess sem sumar miðstöðvarnar hafa enn ekki komið upp aðstöðu fyrir fjarnema, svo sem Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Fræðslumiðstöð Þingeyinga og Farskóli Norðurlands vestra.

Það er ljóst að rekstrartölur fyrir árið 2001 gefa ekki mynd af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á fjárhagsárinu 2002 sem nú er langt komið. Miðstöðvarnar hafa margar hverjar þegar tekið það skref að fjölga starfsmönnum til að mæta þeim fjölda verkefna sem inn á borð þeirra berst. Þarna er verið að stíga skref í þeirri fullvissu að nýsamþykkt byggðaaætlun, þar sem tíðrætt er um mikilvægi slíkra miðstöðva, muni leiða til aukinna fjárveitinga og þar af leiðandi áframhaldandi vaxtar í starfsemi þeirra.

⁴ Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum rekur skrifstofu og kennsluástöðu í sama húsnæði.

7. Niðurstöður

Niðurstöður þessarar greinargerðar um stöðu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna sýna að þær hafa aukið gildi sitt. Aukin þátttaka, framboð og umsvif í námi og námskeiðum á öllum stigum má tvímælalaust rekja að hluta til starfsemi miðstöðvanna. Ekki minna mikilvæg er sú hvatning og jákvæðni sem hefur skapast vegna þessa.

Það er hins vega ljóst að þær standa ekki undir þessari þróun til framtíðar nema sterkari grunni sé skotið undir fjárhagslegt rekstraröryggi þeirra. Miðstöðvarnar hafa verið djarfár í að bæta við starfsmönnum að undanfögnu í ljósi nýrrar byggðaáætlunar, enda sannfærðar um að stjórnvöldum sé alvara þegar talað er um mikilvægi áframhaldandi og enn öflugri starfsemi þeirra.

Styrkur og tækifæri

- Miðstöðvarnar njóta víðtæks stuðnings meðal íbúa á þjónustusvæðunum og til þeirra eru gerðar kröfur og væntingar
- Miðstöðvarnar þjóna þegar sem mikilvægur samstarfsvettvangur fræðslustofnana og atvinnulífs
- Verkefni miðstöðvanna eru óþrjótandi sem og sóknarfæri
- Fjárveitingavaldið og yfirvöld menntamála hafa stutt starfsemi miðstöðvanna leynt og ljóst

Veikleikar og ógnanir

- Gagnaflutningar á landsbyggðinni eru ófullnægjandi og samræma þarf verð
- Miðstöðvarnar búa við ótryggt rekstrarumhverfi
- Fjárveitingar til þeirra eru ákveðnar frá ári til árs og ekki á vísan að róa með tekjur af námskeiðum og annarri seldri þjónustu
- Starfsmenn eru fáir og takmarkar það möguleika þeirra til að veita þjónustu
- Menntunarstig á landsbyggðinni er almennt lægra en á höfuðborgarsvæðinu
- Það vantar námsaðstöðu til fjarnáms eða hún er ófullnægjandi
- Lagaleg staða miðstöðvanna sem menntastofnana er óljós
- Á dreifbýlli svæðum mun sí- og endurmenntun ekki geta staðið undir sér vegna smæðar markhópa, þó það sé ekki algilt

Nauðsynlegar úrbætur:

Nauðsynlegt er að tryggja grunnrekstur miðstöðvanna til lengri tíma með rekstrarsamningi sem tekur til ákveðinna þátta í rekstri, svo sem verkefna, aðstöðu, rekstrarumhverfis og fleira.

Tryggja þarf með fjárveitingum að hver miðstöð hafi á að skipa tveimur stöðugildum að lágmarki.

Brýnt er að möguleikar til gagnaflutninga haldist í hendur við aðra tækniþróun og að kostnaður við afnot verði á allra færi, óháð búsetu.

Tryggja þarf fjarnemum og þátttakendum í fullorðinsfræðslu gott námsumhverfi.

Það hefur lengi háð menntun hversu erfitt er að sanna gildi hennar með tölum. Það er því brýnt verkefni að gera könnun á menntunarstigi á landsbyggðinni þar sem

mismunur milli svæða kemur fram. Þetta er mikilvægt með það fyrir augum að gera námsframboð, nýtingu fjármagns og áherslur sem markvissastar.

Við verklok er þeim sem að verkefninu komu þökkuð framlög og samstarf.

F.h. Kvasis

Íðunn Antonsdóttir, formaður

Emil Björnsson, verkefnisstjóri

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, gjaldkeri

Smári Haraldsson, ritari

8. Heimildir

Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi 2. Landshlutakjarnar. Byggðastofnun, október 2001.

Byggðaaætlun fyrir Vestfirði. Unnin af sveitarfélögum á Vestfjörðum Ísafirði 24. mars 2002 F.h. sveitarfélaga á Vestfjörðum Bæjarráð Ísafjarðarbæjar.
<http://www.isafjordur.is/greinar/byggvest.htm>

Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. 127. lögjafarþing 2001–2002. Þskj. 843 - 538. mál.

Landshlutasamtök sveitarfélaga:

- Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 30. og 31. ágúst 2002
- Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum 26. og 27. október 2001.
- Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 9. nóvember 2001
- Fjórðungsþingi Vestfirðinga 30. og 31. ágúst 2002.

Stofnskrár símenntunarmiðstöðvanna:

- Skipulagsskrá Farskóla Norðurlands vestra – miðstöðvar símenntunar (FSNV)
- Skipulagsskrá nr. 757/1999 fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða
<http://menntamalaraduneyti.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/skipulagsskrar7571999>
- Skipulagsskrá Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga
<http://menntamalaraduneyti.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/skipulagsskrar252000>
- Skipulagsskrá nr. 145/1999 um Fræðslunet Austurlands
<http://menntamalaraduneyti.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/skipulagsskrar1451999>
- Skipulagsskrá Fræðslunets Suðurlands ses.
<http://www.sudurland.is/fs/skipulagsskra.html>
- Skipulagsskrá fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
- Skipulagsskrá nr. 706/2000 fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.
<http://menntamalaraduneyti.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/skipulagsskrar7062000>
- Skipulagsskrá fyrir nr. 966/2000 sjálfseignarstofnun um símenntunarmiðstöð.
<http://menntamalaraduneyti.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/skipulagsskrar9662000>

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri - óútgefin samantekt – tilvitnun skv. leyfi RHA

9. Viðaukar

VIÐAUKI 1. UPPLÝSINGAR UM MIÐSTÖÐVARNAR

Fræðslu og símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis	Forstöðumenn	Heimilisföng	Netföng	Heimasíður	Sími:
Farskóli Norðurlands vestra-FSNV	Anna Kristín Gunnarsdóttir	Skagfirðingabraut 21 550 Sauðárkróki	annakr@fsnv.is	www.fnv.is/farskoli	455 6010
Fræðslumiðstöð Vestfjarða-FRMST	Smári Haraldsson	Eyrargata 2-4 400 Ísafirði	frmst@frmst.is	www.frmst.is	456 5025
Fræðslumiðstöð Þingeyinga-Fræþing	Iðunn Antonsdóttir	Duggugerði 7 670 Kópaskeri	idunn@nett.is	www.fraething.is	465 2161
Fræðslunet Austurlands FNA	Líneik Anna Sævarsdóttir	Miðvangur 2-4 700 Egilsstöðum	fnet@fna.is	www.fna.is	471 2838
Fræðslunet Suðurlands FnS	Jón Hjartarson	Austurvegi 56 800 Selfossi	jonhart@ismennt.is	www.sudurland.is	480 5020
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum MSS	Skúli Thoroddsen	Skólavegi 1 230 Keflavík	mss@mss.is	www.mss.is	421 7500
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi SV	Inga Sigurðardóttir	Bjarnabraut 8 310 Borgarnesi	ingasig@simenntun.is	www.simenntun.is	437 2390
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar SÍMEY	Katrín Dóra Þorsteinsdóttir	Glerárgötu 36 600 Akureyri	katrin@simey.is	www.simey.is	462 7620

VIÐAUKI 2. SKIPULAGSSKRÁR MIÐSTÖÐVANNA

Skipulagsskrá Fræðslunets Austurlands

1. grein

Fræðslunet Austurlands (FNA) er sjálfseignarstofnun, með stjórn, sem stofnuð er af Alþýðusambandi Austurlands, Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Bændaskólanum Hvanneyri – búvísindadeild, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Samvinnuháskólanum Bifröst, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólanum á Egilsstöðum og Verkmenntaskóla Austurlands. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan árs frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar teljast einnig til stofnenda. Heimili og varnarþing er á Austurlandi. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð.

Stofnfé

2. grein

Stofnendur leggja fram stofnframlög til FNA skv. sérstökum samningum, þar sem það á við. Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi kr. 500.000- sem óskerðanlegur höfuðstóll.

Markmið

3. grein

Meginmarkmið Fræðslunets Austurlands er að bæta aðgengi íbúa fjórðungsins að háskólanámi og símenntun og styrkja með því jákvæða byggðapróun. Svo þessi markmið náist mun FNA:

- hlutast til um að boðið verði upp á nám á háskólastigi á Austurlandi, með því að þróa og skipuleggja viðtæk tengsl við aðila er bjóða upp á nám á því stigi og miðla því til almennings og atvinnulífs á Austurlandi,
- stuðla að auknu framboði á Austurlandi á símenntun og fullorðinsfræðslu á öllum stigum menntunar og miðla því til almennings og atvinnulífs í fjórðungnum,
- hafa frumkvæði að því að fylgjast með og nýta bestu fáanlegu fjarkennslutækni hverju sinni,
- hafa samstarf við rannsóknastofur á Austurlandi.

4. grein

Háskólastofnanir sem aðild eiga að FNA og framhaldsskólarnir á Austurlandi gera sérstaka þjónustusamninga við Fræðslunet Austurlands.

Stjórn

5. grein

Stjórn Fræðslunets Austurlands fer með æðsta vald þess, mótar stefnu og starfstilhögun þess, vinnur að markmiðum þess skv. 3. grein, setur því starfsreglur og kemur fram fyrir hönd þess, m.a. gagnvart þeim sem veitir því fjárhagslegan stuðning. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni. Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til fundar árlega. Boða skal fundi með a.m.k. viku fyrirvara.

6. grein

Fræðsluneti Austurlands er stjórnað af 10 manna stjórn sem skipuð er til 4 ára í senn. Starfstímabil stjórnar er bundið kjörtímabili sveitarstjórna. Alþýðusamband Austurlands og Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi skipa einn fulltrúa saman í

stjórn, Atvinnuþróunarfélag Austurlands tilnefni einn fulltrúa úr hópi atvinnurekenda, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi tilnefni einn fulltrúa, Bændaskólinn Hvanneyri og Samvinnuháskólinn Bifröst einn fulltrúa saman, Háskóli Íslands einn fulltrúa, Háskólinn á Akureyri einn fulltrúa, Kennaraháskóli Íslands einn fulltrúa, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu einn fulltrúa, Menntaskólinn á Egilsstöðum einn fulltrúa og Verkmenntaskóli Austurlands einn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnin skipar með sér verkum.

Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. 4 stjórnarmanna krefjast þess. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók og birt á netinu.

7. grein

Stjórn Fræðslunets Austurlands ræður framkvæmdastjóra fræðslunetsins, sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn. Framkvæmdastjórinn vinnur að framgangi þeirra mála sem getið er um í 3. grein, svo og því sem stjórnin setur honum fyrir hverju sinni. Framkvæmdastjórinn vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil.

Framkvæmdaráð skipa framkvæmdastjóri FNA og einn starfsmaður frá hverjum framhaldsskólanna á Austurlandi. Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. eftirfarandi:

- Vinna að undirbúningi, skipulagningu og samræmingu námsframboðs á Austurlandi, skv. 3. gr. skipulagsskrár.
- Skipuleggja og samræma starfsemi FNA innra starfi framhaldsskólanna á Austurlandi.

Framkvæmdaráð getur skipt með sér verkum ef þörf þykir.

Framkvæmdastjóri FNA stýrir fundum framkvæmdaráðs.

8. grein

Reikningsár Fræðslunets Austurlands er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri skal árlega í mars leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn FNA til afgreiðslu:

- Skýrslu um starfsemi síðasta árs.
- Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 145/1994 og nr. 144/1994 eftir því sem við á.

Fjármögnun

9. grein

Tekjur Fræðslunets Austurlands eru eftirfarandi: Framlög aðila FNA samkvæmt samningum við þá, framlög fyrirtækja og samtaka, opinber framlög og þjónustutekjur.

10. grein

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

FNA verður aðeins slitið með ákvörðun 2/3 hluta stjórnar.
Verði starfsemi Fræðslunets Austurlands hætt og það lagt niður skal eigum þess varið til eflingar háskóla- og símenntunar á Austurlandi. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi fer með þá ráðgjörð.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Neskaupstað, Reykjavík, Hvanneyri, Höfn, Egilsstöðum 30. október 1998

F.h. Alþýðusambands Austurlands og Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi	Atvinnuþróunarfélag Austurlands, f.h. atvinnurekenda á Austurlandi
Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi	F.h. Bændaskólans Hvanneyri og Samvinnuháskólans Bifröst
Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri
Kennaraháskóli Íslands	Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Verkmenntaskóli Austurlands

Skipulagsskrá Fræðslunets Suðurlands ses.

Heiti

1. grein.

Fræðslunet Suðurlands ses er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er á Selfossi. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

Stofnfé

2. grein.

Stofnendur Fræðslunets Suðurlands eru allir þeir sem undirrita skipulagsskrá þessa þann 28. ágúst 1999 og leggja fram stofnframlög til Fræðslunetsins.

Stofnendur leggja fram stofnframlög til Fræðslunets Suðurlands skv. eigin ákvörðunum. Heildarstofnfé skal eigi vera lægra en nemur kr. 1.000.000,-. Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi m.v. nvt. kr.1.000.000,- sem varanlegur höfuðstóll, sem óheimilt er að skerða. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlög.

Aðrir sem gerast vilja aðilar að sjálfseignarstofnuninni eftir 28. ágúst 1999 geta sótt um það til stjórnar Fræðslunetsins, sem tekur ákvörðun með hvaða hætti viðkomandi geti gerst aðilar að Fræðsluneti Suðurlands ses.

Markmið

3. grein.

Meginmarkmið Fræðslunets Suðurlands er að efla aðgengi íbúa fjórðungsins að margs konar námi og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu. Í þessu skyni mun Fræðslunet Suðurlands

m. a.:

- Hafa milligöngu um nám á háskólastigi á Suðurlandi í samstarfi við háskólastofnanir.
- Stuðla að auknu framboði á Suðurlandi á símenntun og fullorðinsfræðslu á öllum stigum menntunar.
- Leggja áherslu á samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar.
- Fylgjast með og nýta bestu fáanlegu fjarkennslutækni hverju sinni.
- Mynda tengsl við stofnanir á Suðurlandi sem stunda rannsóknar- og vísindastarfsemi og styðja við rannsóknar- og vísindaiðkun á Suðurlandi eftir því sem aðstæður leyfa og við verður komið.
- Hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun og endurmenntun.

Stjórn

4. grein.

Stjórn Fræðslunets Suðurlands er skipuð 5 mönnum til eins árs í senn og fimm til vara. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa, skólanefnd Fjölbautaskóla Suðurlands tilnefnir einn fulltrúa; félög vinnuveitenda/vinnuveitendur sem aðild eiga að stofnuninni tilnefna einn fulltrúa sameiginlega, félög launafólks sem aðild eiga að stofnuninni tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og aðrir aðilar en þeir sem áður er getið og eiga aðild að Fræðsluneti Suðurlands tilnefni sameiginlega einn fulltrúa. Tilnefning í stjórn skal fara fram með þessum hætti í hvert sinn.

Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Stjórn Fræðslunets Suðurlands ses. ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Starfslið

5. grein.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Suðurlands ræður framkvæmdastjóra að stofnuninni og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri annast:

- Daglegan rekstur og ber ábyrgð gagnvart stjórn.
- Situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti.
- Vinnur að framgangi þeirra mála sem getið er um í 3. grein.
- Annast reikningsskil í samráði við þann aðila sem sér um bókhald stofnunarinnar.
- *Undirbýr, skipuleggur og samræmir námsframboð á Suðurlandi, skv. 3. gr. skipulagsskrár.*
- *Annast samstarf við aðra aðila sem starfa á sviði náms og mennta á Suðurlandi.*
- *Önnur störf sem stjórnin setur honum fyrir hverju sinni.*

Nánar skal kveðið á um verksvið framkvæmdastjóra í erindisbréfi sem stjórn setur.

Reikningsskil

6. grein.

Reikningsár Fræðslumiðstöðvar Suðurlands er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri skal árlega í mars leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn

Fræðslumiðstöðvar Suðurlands til afgreiðslu:

- Skýrslu um starfsemi síðasta árs.
- Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af tilnefndum endurskoðendum.

Fjármögnun

7. grein.

Tekjur Fræðslumiðstöðvar Suðurlands eru eftirfarandi:

- Námskeiðsgjöld.
- Tekjur af þjónustu við aðra aðila.
- Frjáls framlög.
- Vaxtatekjur, auk annars aflafjár.

Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar

Önnur atriði

8. grein.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnarmanna svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf samþykki þeirra allra. Skulu breytingar hljóta staðfestingu ráðherra.

Stofnunin verður aðeins leyst upp að kröfu stjórnar hafi aðilar, sem lagt hafa til minnst 2/3 þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir, samþykkt það.

Verði starfsemi Fræðslunets Suðurlands hætt og það lagt niður skulu eignir þess ganga til Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga.

Leita skal staðfestingar ráðherra á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Samþykkt á Selfossi,
á degi símenntunar 28. ágúst 1999

Skipulagsskrá fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða

1. grein.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er á Ísafirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum ásamt eignum. Stofnunin er ekki háð neinum lögaðilum.

2. grein.

Stofnendur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða verða þeir sem því til staðfestingar undirrita þessa stofnskrá.

3. grein.

Stofnendur leggja fram sameiginlega 500 þúsund króna stofnframlag til Fræðslumiðstöðvarinnar, sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtað með tryggilegum hætti. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar umfram stofnframlag eru stofnendum óviðkomandi.

4. grein.

Markmið Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er að efla menntun á Vestfjörðum og þá einkum að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Í þessu sambandi skulu þarfir atvinnulífs í dreifðum byggðum sérstaklega hafðar í huga. Fræðslumiðstöðin hafi forgöngu um fræðslu á háskólastigi og fjarkennslu á sem flestum sviðum. Kennsluhættir miðist við mismunandi aldurshópa.

5. grein.

Við Fræðslumiðstöðina skal starfrækja fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum eignaraðila og einum til vara. Fulltrúaráðið er æðsta stjórn miðstöðvarinnar og skiptir með sér verkum. Hlutverk þess er að ákveða meginþætti í stefnu og starfstilhögun Fræðsluseturs Vestfjarða og setur það sér því starfsreglur.

6. grein.

Fulltrúaráðið skipar stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða til tveggja ára í senn og skal stjórnin þannig skipuð: Tveir fulltrúar kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs og einn fulltrúi tilnefndur af skólanefnd Framhaldsskóla Vestfjarða. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. grein.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða ber að vinna að markmiðum miðstöðvarinnar og koma fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum miðstöðvarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun miðstöðvarinnar og setur sér og henni starfsreglur.

8. grein.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn miðstöðvarinnar. Hann undirbýr fjárhagsáætlun, vinnur að fjáröflun, annast reikningsskil og ræður annað starfsfólk.

9. grein.

Tekjur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða auk vaxta af stofnframlagi eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár. Tekjum og eignum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða má einvörðungu verja í samræmi við markmið stofnunarinnar.

10. grein.

Aðalaðsetur Fræðslumiðstöðvarinnar verður að Torfnesi í húsakynnum framhaldsskóla Vestfjarða samkvæmt sérstöku samkomulagi um leigu húsnæðisins. Gert er ráð fyrir að kennslubúnað vegna miðstöðvarinnar verði víðar að finna, t.d. í Þróunarsetri Vestfjarða og einnig utan Ísafjarðar.

11. grein.

Reikningsár Fræðslumiðstöðvarinnar er frá 1. janúar til 31. desember. Reikningar miðstöðvarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og einnig af kosnum endurskoðendum. Senda skal endurskoðaða reikninga til Ríkisendurskoðunar að loknum aðalfundi. Um reikningshald fer að lögum [nr. 19/1988](#) um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

12. grein.

Aðalfundur fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvarinnar skal fara fram ár hvert í mars og boðar formaður fulltrúaráðsins til fundarins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfund skal boða aðalmenn og varamenn, og hafa þeir síðarnefndu málfrelsi og tillögurétt. Með fundarboði aðalfundar skal senda áritaða reikninga. Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Breytingar á reglum miðstöðvarinnar.
4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
5. Starfsáætlun næsta árs.
6. Önnur mál.

13. grein.

Skipulagsskrá Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur um breytingar þurfa að berast stjórn fyrir miðjan febrúarmánuð ár hvert. Senda skal breytingartillögur út með fundarboði aðalfundar. Tillögur skoðast samþykktar ef 2/3 hlutar atkvæðisbærra manna samþykkja. Starfsemi miðstöðvarinnar verður einungis hætt ef aðalfundur samþykkir það með 2/3 hlutum atkvæða. Verði starfsemin lögð niður renna eignir hennar til eflingar endurmenntunar og símenntunar á Vestfjörðum.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, og breytingar á henni skulu einnig hljóta staðfestingu sama ráðherra.

Ísafirði, 28. ágúst 1999.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. nóvember 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Skipulagsskrá fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

1. grein

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, fullorðinsfræðslumiðstöð, er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Reykjanesbæ. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. grein

Stofnendur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum eru: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjölbrautarskóli Suðurnesja, félag launafólks á Suðurnesjum, félag vinnuveitenda/vinnuveitendur á Suðurnesjum og Reykjanesbær, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

3. grein

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum verður hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

4. grein

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er skipuð fimm mönnum til eins árs í senn og fimm til vara. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir einn fulltrúa, Reykjanesbær tilnefnir einn fulltrúa, félag vinnuveitenda/vinnuveitendur, sem aðild eiga að miðstöðinni, tilnefna sameiginlega einn fulltrúa, félag launafólks sem aðild eiga að miðstöðinni tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og Fjölbrautarskóli Suðurnesja tilnefnir einn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Samtök iðnaðarins og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands skulu eiga hver sinn áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

5. grein

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundi með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. grein

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ræður forstöðumann, sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn undirbýr fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, sem skal lögð fyrir stjórnina fyrir 1. apríl ár hvert. Forstöðumaðurinn ræður starfsfólk stofnunarinnar.

7. grein

Tekjur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár.

8. grein

Til þess að stofnunin geti náð megingilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum getur með sérstökum samningi tekið að sér fræðsluverkefni sem teljast hliðstæð námsframboði framhaldsskila. Halda skal kostnaði af slíkri starfsemi að fullu aðgreindum frá öðrum rekstri miðstöðvarinnar.

9. grein

Reikningsár Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal í fyrstu viku marsmánaðar leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn miðstöðvarinnar til afgreiðslu:

Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.

Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til eins árs. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

10. grein

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samhljóða samþykki stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

Stofnuninni verður slitið með sameiginlegri ákvörðun stjórnar.

Verði starfsemi Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum hætt og stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til eflingar endur- og símenntunar á Suðurnesjum.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjanesbæ, 10. desember 1997.

F.h. Reykjanesbæjar

F.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Ellert Eiríksson
Bæjarstjóri

Guðjón Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

F.h. Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Ólafur Jón Arnbjörnsson
Skólameistari

F.h. félaga launafólks á Suðurnesjum

F.h. félaga vinnuveitenda á Suðurnesjum

Verslunarmannafélag Suðurnesja
Jóhann Geirdal

Kaupfélag Suðurnesja
Skúli Skúlason

Verkalýðs- og sjómannafélag
Keflavíkur
Kristján Gunnarsson

Útvegsmannafélag Suðurnesja
Þorsteinn Erlingsson

Iðnsveinafélag Suðurnesja
Sigfús Rúnar Eysteinnsson

Vinnuveitendafélag Suðurnesja
Stefán Þ. Tómasson

Hitaveita Suðurnesja
Júlíus Jónsson

F.h. áheyrnarfulltrúa í stjórn

Endurmenntunarstofnun
Háskóla Íslands
Margrét S. Björnsdóttir

Samtök Iðnaðarins
Jón Albert Kristinsson

Menningar- og fræðslumiðstöð alþýðu
Snorri Konráðsson

Skipulagsskrá Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi

1. grein.

Símenntunarmiðstöðin er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð. Heimili Símenntunarmiðstöðvarinnar og varnarþing er í Borgarbyggð. Stofnendur Símenntunarmiðstöðvarinnar eru: Bændaskólinn á Hvanneyri, Fjölbautaskóli Vesturlands, Samvinnuháskólinn á Bifröst, Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Búnaðarsamtök Vesturlands, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Haraldur Böðvarsson hf., Hvalfjarðarstrandarhreppur, Hvítársíðurhreppur, Innri-Akranshreppur, Kaupfélag Borgfirðinga, KG Fiskverkun ehf., Laugaland hf., Leirár og Melahreppur, Mjólkursamlagið Búðardal, Sementsverksmiðjan hf., Skilmannahreppur, Snæfellsbær, Sparisjóður Mýrasýslu, Sparisjóður Ólafsvíkur, Starfsmannafélag Akraness, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Borgarness, Verkalýðsfélagið Hörður, Vírnet hf, Þorgeir og Ellert hf. Eftir stofnfund geta stofnanir, félag, einstaklingar og fyrirtæki orðið aðilar að stofnuninni með samþykki stjórnar og öðlast þá sama rétt og stofnaðilar.

2. grein.

Stofnfé Símenntunarmiðstöðvarinnar er kr. 4.401.625,- þar af kr. 1.000.000,- óskerðanlegt stofnfé að raungildi. Eigi má fara með eignum stofnunarinnar eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hennar eða stuðlar að framgangi þeirra.

3. grein.

Markmið Símenntunarmiðstöðvarinnar er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag með endur- og símenntun sem taki mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga. Sérstaklega skal stofnunin huga að þörfum íbúa á Vesturlandi í þessu sambandi.

4. grein.

Í stjórn stofnunarinnar sitja sex menn, tilnefndir eða kosnir til tveggja ára í senn. Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Samvinnuháskólinn á Bifröst, Fjölbautaskóli Vesturlands og Bændaskólinn á Hvanneyri tilnefna einn hver. Tilnefningum skal skilað á aðalfundi og taka gildi frá þeim tíma. Verkalýðsfélög og önnur samtök launafólks sem eru aðilar að stofnuninni kjósa á aðlafundi sameiginlega einn stjórnarmann og aðildarfyrirtæki, önnur en skólarnir þrír, einn. Á sama hátt skal tilnefna eða kjósa hverjum stjórnarmanni varamann sem á seturétt á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti. Á stjórnarfundum gildir einfaldur meirihluti. Stjórnin kýs formann stjórnar og skiptir með sér verkum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn á stofnfundi í febrúar 1999. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt, hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi.

5. grein.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og vinnur að markmiðum stofnunarinnar skv. 3. gr. Stjórn hefur yfirumsjón og eftirlit með öllum málefnum, eignum og rekstri stofnunarinnar, setur henni og starfsfólki reglur og ræður löggiltan endurskoðanda til að yfirfara ársreikninga stofnunarinnar. Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til aðalfundar árlega, gera grein fyrir starfi stofnunarinnar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar. Á fundum stofnaðila gildir einfaldur meirihluti og hver eignaraðili hefur eitt atkvæði. Þar skulu

kosnir, annað hvert ár, fulltrúar í stjórn frá öðrum stofnaðilum en þeim sem eiga fasta fulltrúa.

6. grein.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra til starfa og ákvarðar um starf hans og önnur stjórnunarstörf. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og því sem stjórnin ákvarðar hverju sinni. Jafnframt annast hann reikningsskil. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsis- og tillögurétti.

7. grein.

Framkvæmdastjóri fer með stjórn fjármála Símenntunarmiðstöðvarinnar í umboði stjórnar. Óheimilt er að stofna til útgjalda eða skuldbindinga umfram heimild stjórnar. Reikningsár stofnunarinnar er 1. ágúst til 31. júlí. Framkvæmdastjóri skal fyrir 1. maí ár hvert leggja rekstraráætlun næsta reikningsárs fyrir stjórn til afgreiðslu. Hann skal sjá um að ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti ár hvert.

8. grein.

Stjórn getur með samhljóða samþykkt breytt skipulagsskrá þessari enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt verið kynnt sérstaklega í fundarboði. Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað með tilliti til markmiða skv. samþykkt fundar stofnaðila sbr. 5. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á þessari skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi, svohljóðandi, er staðfest af stofnaðilum á stofnfundi í Borgarnesi hinn 19. febrúar 1999.

Skipulagsskrá Farskóla Norðurlands vestra – miðstöðvar símenntunar (FSNV)

1. grein

FSNV er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Skagafirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. grein

Stofnendur FSNV eru eftirfarandi aðilar, sem staðfesta það með undirritun skipulagsskrárinnar:

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Húnaþing vestra
Héraðsnefnd A-Húnavetninga
Skagafjörður sveitarfélag
Siglufjarðarkaupstaður
INVEST – Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra
Menningar- og fræðslusamband alþýðu
Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði
Starfsmannafélag Siglufjarðar
Aldan stéttarfélag, Skagafirði
Verslunarmannafélag Skagafjarðar
Starfsmannafélag Skagafjarðar
Stéttarfélagið Samstaða, Húnavatnssýslum
Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal
Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki
Element
Fiskiðjan Skagfirðingur

3. grein

Fjárhagslegar skuldbindingar skólans eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag kr.600.000,-

4. grein

Heimilt er öðrum aðilum að gerast eigendur að skólanum, að fengnu samþykki fulltrúaráðs, og skulu þeir þá greiða skólanum aðildargjald, samkvæmt ákvörðun stjórnar skólans.

5. grein

Markmið FSNV er að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra. Starfsemi skólans skal miðast við að auka starfshæfni og vellíðan. FSNV skal leitast við að greina þarfir fyrir fræðslu á þjónustusvæði sínu og einbeita sér jafnt að atvinnulífínu sem einstaklingum. FSNV skal, eftir fremsta megni, koma á háskólanámi t.d. með fjarkennslusniði. Kennsluhættir skulu sniðnir að þörfum nemenda hverju sinni. Til að ná markmiðum sínum skal skólinn sjálfur standa fyrir námi eða gera um það samninga við aðrar fræðslustofnanir.

6. grein

Við FSNV skal starfrækja fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum aðila skólans og einum til vara. Á hverju ári skal fulltrúaráðið koma tvisvar saman til fundar. Annan fundinn skal halda í maí til stefnumótunar fyrir komandi starfsár og hinn síðari, sem er aðalfundur, skal halda í september. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a. að

móta stefnu skólans og kjósa tvo menn í stjórn hans og tvo varamenn. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra tilnefnir einn mann í stjórn og einn varamann. Stjórn FSNV skal skipuð til tveggja ára í senn og skal hún skipta með sér verkum. Aðalfund FSNV skal boða með tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfund skal boða fulltrúaráð og varamenn þess (aðalmenn og varamenn) en varamenn hafa einungis málfrelsi og tillögurétt. Stjórn skal senda áritaða reikninga til allra fulltrúa aðalfundar með fundarboði aðalfundar.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla reikninga
3. Breytingar á samþykktum skólans
4. Kosning stjórnar
5. Starfsáætlun
6. Önnur mál

7. grein

Stjórn FSNV ber að vinna að markmiðum skólans og kemur fram fyrir hans hönd gagnvart þeim sem veita honum fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum skólans. Stjórnin annst stjórnun skólans milli funda fulltrúaráðs og setur sér og skólanum starfsreglur.

8. grein

Stjórn FSNV ræður framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur, og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn skólans. Hann undirbýr fjárhagsáætlun, vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk skólans að fengnu samþykki stjórnar.

9. grein

Tekjur Farskóla Norðurlands vestra – miðstöðvar símenntunar eru, auk vaxta af stofnframlagi, framlög frá eigendum, fyrirtækjum, samtökum og stofnunum auk ríkisframlags, tekjur af þjónustu og annars aflafjár.

10. grein

Reikningsár skólans er frá 1. ágúst til 31. júlí. Reikningar skólans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til eins árs í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun strax að loknum aðalfundi.

11. grein

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá skulu hafa borist stjórn fyrir miðjan ágúst ár hvert. Senda skal breytingatillögur með fundarboði aðalfundar. Tillögurnar skoðast samþykktar ef 2/3 hluti atkvæðisbærra fundarmanna samþykkja. Skulu breytingar á skipulagsskrá hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

Starfsemi skólans verður einungis lögð niður með samhljóða samþykki aðalfundar. Verði starfsemi skólans lögð niður skulu eignir hans renna til eflingar endur- og símenntunar á Norðurlandi vestra.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

1. grein

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er á Akureyri. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. grein

Stofnendur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar eru: Háskólinn á Akureyri, Menntasmiðjan á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Tónlistarskólinn á Akureyri, Myndlistaskólinn á Akureyri, Akureyrarbær og sveitarfélög í Eyjafirði, stéttarfélög í Eyjafirði, félög atvinnurekenda og fyrirtæki og stofnanir í Eyjafirði, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan sex mánaða frá stofnun Símenntunarmiðstöðvarinnar teljast einnig til stofnenda. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

Stofnfé Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er kr. 3.660.000,- þar af kr.1.000.000,- óskerðanlegt stofnfé að raungildi.

3. grein

Markmið Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum starfs- og námsráðgjöf. Í þessu skyni mun Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar m.a.:

- Stuðla að auknu framboði á símenntun í Eyjafirði og miðla því til almennings og atvinnulífs. Þar er átt við formlega og óformlega menntun, starfsmenntun, tómstundanám, nám í lífsleikni og bóknám.
- Bjóða upp á nám á framhalds- og háskólastigi í Eyjafirði í samstarfi við framhalds- og háskóla.
- Leggja áherslu á samstarf menntastofnana við fyrirtæki, stofnanir og aðila vinnu- markaðarins.
- Fylgjast með og nýta bestu fánlegu kennslutækni og leggja áherslu á fjarkennslu.
- Hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun á Íslandi og erlendis.
- Stuðla að auknu samstarfi þeirra sem sinna símenntun í Eyjafirði, annast markaðs- og kynningarmál og samræma starf þeirra.
- Selja ráðgjafþjónustu til fyrirtækja um símenntun í samstarfi við fræðslustofnanir, atvinnuþróunarfélög og/eða aðrar símenntunarmiðstöðvar.
- Bjóða upp á starfs- og námsráðgjöf í samstarfi við starfs- og námsráðgjafa við menntastofnanir í Eyjafirði.

4. grein

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er skipuð sjö mönnum til eins árs í senn og sjö til vara. Menntastofnanir sem aðild eiga að Símenntunarmiðstöðinni tilnefna einn fulltrúa (fulltrúinn flyst á milli menntastofnana árlega), stéttarfélög í Eyjafirði sem aðild eiga að miðstöðinni tilnefna tvo fulltrúa, sé annar fulltrúi verkafólks á almennum vinnu- markaði en hinn fulltrúi opinberra starfsmanna, atvinnurekendur tilnefna tvo fulltrúa og sé annar fulltrúi einkafyrirtækja og hinn opinberra stofnana, Akureyrarbær tilnefnir einn fulltrúa og sveitarfélög í Eyjafirði tilnefna einn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórn skiptir með sér verkum. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum.

Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. grein

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og miðstöðinni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. grein

Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til ársfundar eigi síðar en í apríllök ár hvert. Þar skal stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar gera grein fyrir starfi hennar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til staðfestingar. Þar skal einnig kosning löggilts endurskoðanda og stjórnarfulltrúa fara fram. Á ársfundum gildir einfaldur meirihluti og hver fulltrúi stofnaðila hefur eitt atkvæði nema varðandi breytingar á skipulagsskrá samanber 11. grein.

Ársfundur skal boðaður skriflega með viku fyrirvara. Tillögu um breytingar á skipulagsskrá Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar skal getið sérstaklega í fundarboði.

7. grein

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Hann annast daglegan rekstur, ræður starfsfólk stofnunarinnar, vinnur að fjáröflun og annast reikningskil. Forstöðumaður undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs, sem skal lögð fyrir stjórnina í nóvember ár hvert.

8. grein

Tekjur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki, sveitarfélögum, samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum, og tekjur af þjónustu.

9. grein

Til þess að Símenntunarmiðstöðin geti náð megingiltangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd miðstöðvarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar getur með sérstökum samningi tekið að sér fræðsluverkefni sem teljast hliðstæð námsframboði á framhalds- og háskólastigi. Halda skal kostnaði af slíkri starfsemi að fullu aðgreindum frá öðrum rekstri miðstöðvarinnar.

10. grein

Reikningsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal eigi síðar en í lok febrúarmánaðar leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn miðstöðvarinnar til afgreiðslu:

1. Skýrsla um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en

30. júní ár hvert fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. grein

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 fulltrúa á ársfundi samþykkir slíkar breytingar enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði.

12. grein

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar verður slitið með ákvörðun 2/3 fulltrúa á ársfundi. Verði starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar hætt og miðstöðin lögð niður skulu eignir hennar renna til eflingar símenntunar á vegum Menntasmiðjunnar á Akureyri.

13. grein

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

14. grein

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi var staðfest á stofnfundi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar 29. mars 2000.

Akureyri, 2. ágúst 2000.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar

Skipulagsskrá Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga

1. grein.

Fræðslumiðstöð Þingeyinga, fullorðinsfræðslumiðstöð, er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Þingeyjarsýslum.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum.

Stofnunin er ekki háð öðrum lögaðilum.

2. grein.

Stofnendur Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga eru eftirtaldir aðilar, auk þeirra sem gerast stofnfélagar fyrir 25. september árið 2000:

Bárðdælahreppur,
Hálshreppur,
Ljósavatnshreppur,
Skútustaðahreppur,
Reykðalahreppur,
Reykjahreppur,
Húsavíkurkaupstaður,
Tjörneshreppur,
Kelduneshreppur,
Öxarfjarðahreppur,
Raufarhafnarhreppur,
Svalbarðshreppur,
Þórshafnarhreppur,
Framhaldsskólinn á Húsavík,
Framhaldsskólinn á Laugum,
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga,
Fjallalamb hf.,
Byggingamannafélagið Árvakur,
Gefla hf.,
Heilbrigðisstofnun Húsavíkur,
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.,
Kvenfélagasamband S.- Þing.,
Kvenfélagasamband N.- Þing.,
Kísiliðjan hf.,
Landvist ehf.,
Prentstofan Örk ehf.,
Sparisjóður S.- Þing.,
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis,
Starfsmannafélag Húsavíkur,
Sveinafélag járníðnaðarmanna,
Verkalýðsfélag Húsavíkur,
Verkalýðsfélag Þórshafnar,
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar,
Verslunarmannafélag Húsavíkur,

Fulltrúar stofnenda undirrita skiplagsskrá þessa til staðfestingar.

Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag. Stofnendur leggja fram sameiginlega kr. 500 þúsund sem verða óskerðanlegur höfuðstóll og ávöxtuð með tryggilegum hætti.

3. grein.

Markmið Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga eru:

- * Að færa menntunarmöguleika nær fólki í Þingeyjarsýslum.
- * Að efla möguleika á menntun í Þingeyjarsýslum, þ.e. auka tengsl grunn- og endurmenntunar, bjóða upp á námskeið tengd atvinnulífi og tómstundum, hlutast til um að boðið verði upp á nám á framhalds- og háskólastigi í samstarfi við skóla á viðkomandi skólastigum, auk þess að veita upplýsingar um nám á öllum skólastigum.
- * Að efla samstarf atvinnulífs og skóla.
- * Að vinna með fyrirtækjum við mótun símenntunarstefnu þeirra.
- * Að efla byggð í Þingeyjarsýslum með styrkri símenntun.

4. grein.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga er skipuð sjö mönnum sem kosnir eru til tveggja ára, og jafnmörgum til vara. Hlutverk varamanna er að mynda, ásamt stjórn, fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvarinnar.

Stjórn og varamenn skulu kosnir á aðalfundi af fulltrúum stofnenda. Stjórn skal mynduð þannig að eingöngu Húsavíkurborg, önnur sveitarfélög í Þingeyjarsýslum, verkalýðsfélög í Þingeyjarsýslum, Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskólinn á Húsavík, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og fyrirtæki/stofnanir í Þingeyjarsýslum skulu eiga hvert sinn fulltrúa í stjórn.

Þá skulu auk þess önnur félagasamtök í Þingeyjarsýslum, Háskólinn á Akureyri, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og eiga hvert sinn fulltrúa, sem varamann, kosning annarra varamanna er óbundin.

Fulltrúaráð (varamenn) skal boðað til stjórnarfunda, svo sem þurfa þykir, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann, varaformann og ritara.

Stjórn boðar og undirbýr aðalfund með minnst 7 daga fyrirvara. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

5. grein.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga ber að vinna að markmiðum miðstöðvarinnar og koma fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning.

Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun miðstöðvarinnar og setur sér og miðstöðinni starfsreglur.

Stjórn ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum Fræðslumiðstöðvarinnar.

Stjórnarfundir skulu boðaðir með góðum fyrirvara. Stjórnarmaður vikur af fundi sé fjallað um málefni er varða hann persónulega.

Stjórn er heimilt að eiga samstarf við aðra og gerast aðili að samstarfssamningi þyki það vera leið til að ná markmiðum miðstöðvarinnar.

Stjórn ræður sér framkvæmdastjóra er annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf.

6. grein.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn miðstöðvarinnar. Hann vinnur að fjáröflun, annast reikningsskil og undirbýr fjárhagsáætlun, sem lögð skal fyrir stjórn fyrir 31. desember ár hvert.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn.

7. grein.

Tekjur Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga, tekjur af þjónustu og annað aflafé.

Tekjum og eignum miðstöðvarinnar skal eingöngu varið í hverjum þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum hennar.

8. grein.

Reikningsár Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga er almanaksárið.

Framkvæmdastjóri skal í fyrstu viku marsmánaðar ár hvert leggja fram skýrslu um starfsemi og endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar miðstöðvarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem kosinn er á aðalfundi til eins árs í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næst liðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé miðstöðvarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

9. grein.

Skipulagsskrá þessari verður einungis breytt með samþykki meirihluta stjórnar og skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

Starfsemi miðstöðvarinnar verður einungis hætt með ákvörðun meirihluta stjórnar og fulltrúaráðs og skulu þá eigur miðstöðvarinnar renna til eflingar endur-og símenntunar í Þingeyjarsýslum.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Húsavík 25. september 1999

F.h. Húsavíkurkaupstaðar

F.h. annarra sveitarfélaga í Þingeyjars.

F.h. Framhaldsskólans á Húsavík

F.h. Framhaldsskólans á Laugum

Fh. fyrirtækja og stofnana

Fh. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

Fh. Verkalýðsfélaga í Þingeyjarsýslum

VIÐAUKI 3. ANNÆÐ NÁM 2001-2002

	Framhaldsskólar á svæðum miðstöðvanna	Aðrar fræðslustofnanir og námsframboð	Annað fjarnám en nám á háskólastigi
Fræðslunet Austurlands	1. Framhaldsskólinn á Austurlandi 2. Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað 3. Menntaskólinn á Egilsstöðum 4. Verkmenntaskóli Austurlands	Samstarf framhaldsskóla á Austurlandi; Fjarnám til undirbúnings öldungadeildarnáms og nám í skrifstofutækni Farskóli Austurlands	Bændaskólinn á Hvanneyri, bændadeild Framhaldsskólanám frá VMA, FÁ og fleiri aðilum
Fræðslunet Suðurlands	1. Selfossi 2. Laugarvatni 3. Garðyrkjuskóli ríkisins Reykjum, Ölfusi 4. KHÍ-íþróttakennaradeild	Plastnám Nám fyrir starfsfólk í textiliðnaði, ísframleiðslu og skólanefndum	Námskeið fyrir sjúkraliða
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	1. Menntaskólinn á Ísafirði	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, Ísafirði Tónlistarskóli Ísafjarðar Tölvuskólar Snerpu ehf, Vest-Mennt og Roland Smelt. Námskeið á vegum Rauða Krossins, Vinnueftirlits ríkisins, Kirkjunnar o.fl. 30 rúmlesta skipstjórnarnám og vélgæsla	Bændaskólinn á Hvanneyri, bændadeild (6) Ferðamálanám við MK (a.m.k. 2) Framhaldsskólanám frá VMA og e.t.v. fleiri.
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	1. Fjölbrautaskóli Vesturlands	Vélaverðir í Snæfellsbæ(13). Vélgæsla í Snæfellsbæ (22). Kjarnánámskeið fyrir ófaglærða á Akranesi, 60 kennslust. (25). Menntasmiðja kvenna á Akranesi (15)	Endurmenntun sjúkraliða
Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum	1. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Námskeið og fjarnámskeið, í samvinnu við ýmsa aðila, s.s. aðrar símenntunarmiðstöðvar, Fj.sjúkrahús Akureyri, Borgarholtsskóla, Ármúlaskóla, Hólaskóla, Vélskóla, Menntafél. Byggingamanna o.fl.	heilbrigðisþjónusta ferðaþjónusta umhverfismál sjávarútvegur iðnaður skólar- og leikskólar
Farskóli Norðurlands vestra – Miðstöð Símenntunar	1. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Sauðárkróki	Menntasmiðja, Sauðárkróki Framhaldsnám stuðnings- og meðferðarfulltr. Starfsfólk í vefjariðnaði Starfsfólk í heimaþjónustu Skólaliðar Starfsmenn áhaldahúsa Símsvörun og móttaka á heilbrigðisstofnun	Enska Skrifstofutækninám Tövnunámskeið Sjúkraliðanám (endurmenntun) Nám f. stuðnings- og meðferðarfulltrúa
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	1. Menntaskólinn á Akureyri 2. Verkmenntaskólinn á Akureyri	Myndlistarskólinn á Akureyri Tónlistarskólinn á Akureyri Tónlistarskólar við Eyjafjörð Menntasmiðjan Tölvufræðslan Reynir ráðgjafastofa Myndlistarskóli Arnars Inga	Sjúkraliðanám Fangavarðarnám
Fræðslumiðstöð Þingeyinga	1. Framhaldsskólinn á Húsavík 2. Framhaldsskólinn á Laugum	Hagnýtt skrifstofunám Vélavarðarnám	Sjúkraliðanám, endurmenntun

VIÐAUKI 4. HÁSKÓLANÁM 2001-2002

	Háskólar – staðbundið nám	Háskólar – fjarnám á háskólastigi	Námsleiðir í fjarnámi	Fjöldi háskólanema í fjarnámi
Fræðslunet Austurlands	HR var með aðstoðarkennara á Austurlandi á kostnað HR og FNA	Háskólinn á Akureyri Háskóli Íslands Háskólinn í Reykjavík Kennaraháskóli Íslands Viðskiptaháskólinn á Bifröst Hólaskóli	Íslenska Ferðamálafræði Leikskólafræði Hjúkrunarfræði Rekstrarfræði Tölvunarfræði Þroskaþjálfanám Náms- og starfsráðgjöf Íþróttakennaranám (framh.) Diplomanám f. starfsf. Á leisk. Almennt kennaranám Tómstunda- og félagsm.nám	130 nem.
Fræðslunet Suðurlands		Háskólinn á Akureyri Háskóli Íslands	Hjúkrunarfr. Til B.S. Viðskipta- og rekstrarfr. Til B.S. Íslenskunám til B.A. Ferðamálafr.	40 nem.
Fræðslumiðstöð Vestfjarða		Háskólinn á Akureyri Háskóli Íslands Kennaraháskóli Íslands	Hjúkrunarfræði Rekstrarfræði Ferðamálafræði Íslenska Náms- og starfsráðgjöf Stærðfræði Grunnskólakennaranám Íþróttakennaranám Leikskólakennaranám Þroskaþjálfanám Tómstunda og félagsmálanám Nám fyrir starfsfólk leikskóla Kennsluréttindanám	9 46 2 8 3 2 23 2 3 4 1 6 4 113 nem.

Símenntunar- miðstöðin á Vesturlandi	Viðskiptaháskólinn á Bifröst Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	Háskóli Íslands	Íslenska Ferðamálafræði	6 nem.
Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum	Ekkert staðbundið háskólanám en hér taldir nemendur MSS nota aðstöðu miðstöðvarinnar til náms síns gegn vægu lyklagjaldi.	Háskólinn á Akureyri Háskóli Íslands Kennaraháskóli Íslands Hólaskóli	Hjúkrunarfr. Til B.S. 3. ár Leikskólakennarafr. 2. ár Viðskipta- og rekstrarfr. 2-3 ár Auðlindafræði 1.árs nemi Grunnskólakennarafr. 1.ár Ferðamálafræði Íslenska til B.A. 3. ár Sagnfræði til B.A. 1.árs nemi	10 15 20 3 11 2 3 1 65 nem.
Farskóli Norðurlands vestra – Miðstöð Símenntunar	Hólaskóli	Háskóli Íslands Háskólinn á Akureyri Kennaraháskólinn Háskólinn í Reykjavík Viðskiptaháskólinn á Bifröst	Íslenska til B.A. Leikskólafræði til B.ed. Kennaranám til B.ed. Ferðamálafræði Viðskiptafræði til B.S.	30 nem.
Símenntunar- miðstöð Eyjafjarðar	Háskólinn á Akureyri	Háskóli Íslands HÍ og Hólaskóli Háskólinn í Reykjavík	Íslenska Starfs- og námsráðgjöf Ferðamálafræði Tölvunarfræði	5 4 8 4 21 nem
Fræðslumiðstöð Þingeyinga		Háskólinn á Akureyri Háskóli Íslands Kennaraháskóli Íslands	Leikskólakennarafræði Rekstrarfræði Náms- og starfsráðgjöf Ferðamálafræði Íslenska Leikskólakennaranám Kennaranám Framhaldsnám	13 nem.

VIÐAUKI 5. SAMSTARFSVERKEFNI MIÐSTÖÐVANNA 2001-2002

	Innlend	Erlend
Fræðslunet Austurlands	Menntasmiðja AFLS og FNA, Austfirski menntasmiðjan – samstarfsverkefni með Svæðisvinnumiðlun Austurlands, Leiðsögunám fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum – réttindanámskeið í samstarfi við Veiðistjóra, Hreindýraráð og Náttúrustofu Austurlands, kynning á íslenska víravirkinu meðal afkomenda vesturfara í Norður-Ameríku – samstarfsverkefni með forsætis- og utanríkisráðuneytum, samstarf um námskeiðahald og fjarnám við framhaldsskóla á Austurlandi, Þróunarstofu, Heilbrigðisstofnun og nokkur sveitarfélög. Menntun fyrir alla, ráðstefna Markviss Kvasir	Markviss EAEA
Fræðslunet Suðurlands	Markviss Kvasir	Markviss EAEA
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, um námskeið fyrir ferðaþjónustu, byggðamál o.fl. Fjölmeningarsetur á Vestfjörðum, um íslenskunám fyrir útlendinga. Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða, um nám fyrir atvinnulausa og menntasmiðju. Fjórðungssamband Vestfirðinga, háskólasetur á Vestfjörðum og um byggðamál. Þróunarsetur Vestfjarða um stofnun rannsóknastofnana. Markviss Kvasir	Markviss EAEA
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Menntasmiðja kvenna á Akranesi. Verklegur hluti matartæknánáms í samvinnu við Hótel- og matvæðaskólann í Kópavogi. Tölvunámskeið BSRB. Markviss Kvasir	Markviss EAEA
Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum	Markviss Kvasir MFA um kennslu fullorðinna, Starfsmenntasjóður	Markviss EAEA Flexible inlärning i grundläggande vuxenutbildning, Norrønt og Norræna verkefnið Samráð um fullorðinsfræðslu

<p>Farskóli Norðurlands vestra – Miðstöð Símenntunar</p>	<p>Við Hólaskóla um kynningar, upplýsingagjöf og rekstur námskeiða Við atvinnuþróunarfélögin Hring og INVEST, Fjölbrautask. Nl. vestra og Hólaskóla um eflingu fjarnáms á háskólastigi Við aðrar menntastofnanir um kennslufræði fullorðinna, námsgagnagerð, um námskeiðaframboð og –gerð Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra: Starfshópur um atvinnulíf og menntun Þróunarverkefni með Hólaskóla, “Gönguleiðsögn á Nl. vestra” Stéttarfélög og nokkrir atvinnurekendur á Nl. v. um samantekt og gerð námsefnis í ensku, íslensku, stærðfræði og sjálfsefli, fyrir fólki með stutta skólagöngu, kynningu og öflun styrkja til verksins Við MFA um námskeiðahald og þróun námskeiða Iðntæknistofnun og Efling um námskeið í fataiðnaði Svæðisvinnumiðlun og Jafnréttisráðgjafinn á Nl. vestra um Menntasmiðju á Sauðárkróki Markviss Kvasir</p>	<p>Markviss EAEA Learning Community, Leonardo da Vinci starfsmenntaverkefni. 5 landa og 8 samstarfsaðila þróunarverkefni, til þriggja ára.</p>
<p>Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar</p>	<p>ÚA-skólinn – þróunarverkefni ÚA í samvinnu við Einingu-Iðju og SÍMEY AtvinnuLífsinsSkóli – þjónustu- og þróunarsamningur við eigendur skólans Svæðaleiðsögunám í samvinnu við SBA og svæðaleiðsögumenn á svæðinu Nám í rekstri handverks- og listfyrirtækja í samstarfi við Jafnréttisráð Akureyrarbæjar Átaksverkefni um starf- og námsráðgjöf í samvinnu við Einingu-Iðju, Svæðisvinnumiðlun og STAK Samstarfssamningar við Símenntun HA, VMA, Tölvufræðsluna og Reyni-ráðgjafþjónustu Tímabundnir samningar við Samtök aðila í ferðaþjónustu, Skref fyrir skref, Átaksverkefnið Auð í krafti kvenna, Vélstjórafélag Íslands, Samtök verslunar og þjónustu, IMG og Markmiðlun. Markviss Kvasir</p>	<p>Markviss EAEA</p>
<p>Fræðslumiðstöð Þingeyinga</p>	<p>Átaksverkefni f. atvinnuleitendur, svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra Umönnun, Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga Kennslufræði v/ sjálfstyrkingar MFA Íslenska f. útlendinga ÚA-skólinn v/ SÍMEY Markviss Kvasir</p>	<p>Markviss EAEA</p>

VIÐAUKI 6. REKSTUR FRÆÐSLU-OG SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVA INNAN KVASIS 2001

	FRMST ^{oo}	FSNV ^{**}	SÍMEY ^{oo}	FRÆÞing ^{oo}	FNA	FnS	MSS	SV ^{oo}	ALLS
Rekstrartekjur									
Fjárveitingar af fjárlögum 2001	7.000.000	7.000.000	7.000.000	7.000.000	7.000.000	7.000.000	7.000.000	7.000.000	56.000.000
Rekstrarframlög og aðrir styrkir	4.000.000	2.584.167	1.000.000	600.000			3.150.000		11.334.167
Styrkir vegna sérverkefna	3.172.250		1.550.000	600.000	2.180.000	5.952.674	4.057.000	3.501.368	21.013.292
Tekjur af námskeiðum og þjónustu	5.347.347	10.142.530	3.808.686	3.740.780	10.449.449	9.122.287	11.707.000	15.703.524	70.021.603
Aðrar tekjur	890.518	172.027	320.000	122.000	229.754		608.000		2.342.299
	20.410.115	19.898.724	13.678.686	12.062.780	19.859.203	22.074.961	26.522.000	26.204.892	160.711.361
Gjöld									
Laun og launatengd gjöld	5.310.768	6.387.352	4.976.133	3.910.536	5.226.180	5.432.978	9.699.000	5.793.299	46.736.246
Kostnaður vegna námskeiða	5.979.113	9.026.546	2.547.099	3.311.303	8.289.780	9.794.927	7.534.000	13.605.728	60.088.496
Kostnaður vegna fjarfundabúnaðar	470.000	696.549		602.383	2.313.811	2.000.000	1.864.000	245.000	8.191.743
Ferðakostnaður	1.261.043	681.813	581.966	662.757	1.608.685	653.269	459.000	316.648	6.225.181
Húsnæðiskostnaður	309.370	696.785	418.135	180.000	240.000	1.678.269	2.032.000	734.040	6.288.599
Annar kostnaður	7.566.828	1.875.568	2.947.497	2.450.940	3.853.395	2.927.859	4.687.000	3.079.273	29.388.360
	20.897.122	19.364.613	11.470.830	11.117.919	21.531.851	22.487.302	26.275.000	23.773.988	156.918.625
	-487.007	534.111	2.207.856	944.861	-1.672.648	-412.341	247.000	2.430.904	3.792.736

**** Fjárhagsár FSNV er frá 1.8.2000-31.7.2001**

oo Skýringar á rekstrarniðurstöðu þessara miðstöðva fylgir með á næstu síðu.

Skýringar með rekstrarniðurstöðum

Nokkrar stöðvanna skila jákvæðri rekstrarniðurstöðu í árslok. Skýringar á því eru nokkrar:

◦◦ *Fræðslumiðstöð Þingeyinga* fékk á árinu styrki til kaupa á búnaði, samtals 1.2 millj. kr. Nýtingu hluta styrkjanna, kr. 800 þús. til kaupa á fjarfundabúnaði, var frestað til ársins 2002, þar sem ekki var aðstaða til að taka við búnaðinum fyrir í Mývatnssveit.

◦◦ *Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi*

Árið 2000 var rúmlega þriggja milljóna króna tap á rekstri

Símenntunarmiðstöðvarinnar (-3.603.446 -kr.). Gripið var strax til aðhaldsaðgerða til að ná niður þessu tapi. Meðal annars var dregið úr launakostnaði, minna var keypt af auglýsingum í blöðum, búnaðarkaup einskorðuð við það nauðsynlegasta og verulega dregið úr aðkeyptri þjónustu. Einnig voru sett mun þrengri skilyrði fyrir lágmarksfjölda þátttakenda á námskeið en áður. Þetta aðhald skilaði þeim árangri að árið 2001 sýndi rúmlega tveggja milljón króna hagnað (+ 2.430.446- kr.) sem var mikill léttir því það rétti að einhverju leyti af hallann frá árinu 2000.

Annað sem vert er að taka fram er að á árinu 2001 vantar um eina milljón í kostnað vegna námskeiða sem tekjur komu inn fyrir á árinu 2001 en útlagður kostnaður vegna þeirra kom á árið 2002.

◦◦ *Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar* hefur skilað jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 2,2 milljónir. Þetta stafar meðal annars af þeirri óvissu sem hefur verið með áherslu á uppbyggingu fjarnámsvera á svæðinu og þjónustu við fjarnámsnema. Nauðsynlegt er að koma upp fjórum verum, (Akureyri, Ólafsfjörður, Hrísey og Grímsey) en ef vel ætti að vera þyrftu Dalvík og Grenivík einnig að fá slíka aðstöðu. Það var hins vegar ákveðið að halda að sér höndum þar til niðurstaða fengist í tæknimálin og eins að sjá hver framvinda þessa máls yrði í ljósi nýrrar byggðaáætlunar. Þó að önnur verkefni miðstöðvarinnar hafi verið ærin, enda sú yngsta af þessum átta miðstöðvum, er það miður að ekki er/skuli vera hægt að bjóða fjarnámsnemum á svo stóru svæði betri þjónustu.